

SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

## Ótti sem rennur úr jörðinni

### Um reimleikahús í landslagi og líkama í *Hálendinu* eftir Steinar Braga

#### *Hendurnar á kápunni*

Reimleikahúsið í *Hálendinu* eftir Steinar Braga er ekki eiginlegt hús með veggjum og dyrum. Segja má að það sé af tvennum toga. Annars vegar er það náttúran sem hefur stöðu reimleikahússins í sögunni og hins vegar líkaminn. Þetta er gefið til kynna strax á kápu skáldsögunnar.<sup>1</sup> Fjórar hendur, sem tákna líklega jafnmargar persónur sögunnar, eru klesstar upp við bókarkápu eins og gler eða himna sé á milli lófa og lesenda. Engu er líkara en að hendurnar reyni að þrýsta sér leið út. Þær renna saman í hálfgegnsæjan massa er minnir á afturgöngu sem liðast um. Fígúran virðist svífa yfir steinum og sandi; auðn sem tekur engan enda nema fyrir tilstilli ósýnilega veggjarins sem hendurnar virðast þrýsta á. Á hinu eiginlega hálendi er enginn tálmi af þessari gerð. Sögupersónurnar eru – eins og hendurnar á kápunni gefa kannski til kynna – þó



<sup>1</sup> Bókarkápa skáldsögunnar *Kötu* eftir Steinar Braga felur í sér vísbendingu um söguna á svipaðan hátt og kápa *Hálendisins*. Björn Þór Vilhjálmsson bendir á að Kata sé kynnt til sögunnar sem refsinnorm eða djöfull á bókarkápunni í greininni „Stríð gegn konum. *Kata* og nauðgunarmeningin“, *Ritið* 3/2018 bls. 125–129, hér bls. 131.



fastar í rýminu sem markast af bókinni, skáldsögunni *Hálendinu* eftir Steinar Braga. Þaðan brjóta þær sér leið inn í heila þess sem les. Þær eru nokkurs konar draugar í heila lesanda. En þær eru einnig mannlíki sem eru fangar eigin taugaboða í sögu sem fjallar um það hvernig líkaminn getur orkað eins og reimleikahús.

*Hálendið* kemur út þremur árum eftir íslenska efnahagshrunið. Skáldsagan fjallar um taugakerfi þjóðar í kjölfar áfallsins sem hrunið hafði í för með sér. *Hálendið* (*Hálendið*) er misleitt, það breytist með þeim sem fara þar um. Að sama skapi læsir það klónum í vegfarendur og hróflar við taugum þeirra. Þannig minnir sagan einnig á að listaverk rís á nýja vegu í hverjum kroppi á sama tíma og það kann að hnika til einhverju í líkama þess sem les, horfir eða hlustar á það. Því er lýst hvernig einstaklingar lenda í fjötrum eigin huga þar sem ótti og kvíði þyrlast stjórnlaust um í reimleikahúsi sem hefur enga eiginlega veggi, það er að segja á hásléttum Íslands. Virkni reimleikahússins birtist þó ekki einungis í landslaginu sem lýst er í sögunni (og þar með töldu svörtu húsi sem stendur á hálendinu miðju). Hún kemur einnig fram í líkama sögupersóna sem reika þar um, svo ekki sé minnst á að reimleikanna kann að verða vart í líkamsstarfi manna við lesturinn. Þannig verður skáldsagan *Hálendið* einnig að nokkurs konar draugahúsi á meðan lesturinn fer fram.

Í greininni verður greint frá því hvernig gylliboð útrásarinnar hafa höfðað til græðgi og neysluhvata sögupersóna og þannig laðað þær inn í reimleikahús, sem er Ísland eftir hrun. Smám saman átta persónurnar sig á því að húsið (eða landið) er innantómt. Líkamsstarfið sem hrindir af stað græðgi hefur þannig bókstaflega áhrif á náttúruna. En náttúran hefur einnig áhrif á líkama sögupersóna, því tómið sem stendur eftir vekur með þeim stjórnlausan ótta. Sagan fjallar um ungt fólk sem keyrir um hálendi Íslands eins og til að flýja efnahagshrunið sem skekur þjóðina á sama tíma. Í landslaginu eru næringarþarfir hagvaxtarins dregnar skýrum dráttum.<sup>2</sup> Þar hefur allt verið étið upp til agna til að þjónusta sísvangan hagvöxtinn. Enda eru hagkerfi eins og reimleikahús, þau þurfa að borða til að eflast. Um slíkt ræðir Guðni Elísson í greininni „Þegar vissan ein er eftir“ og líkir hagvaxtarkröfum í samfélagi nútímans við krabbameinsfrumur. Til að lifa og stækka étur hagvöxturinn heilbrigðar frumur sem eru nauðsynlegar til að líkaminn geti starfað. Hagvöxturinn nærast á náttúruauðlindum, sem rýrna að sama skapi og landsframleiðsla eykst. Þjóðfélagið byggir með öðrum orðum

<sup>2</sup> Neysla og afát eru fyrirferðarmikil þemu í fyrri bókum Steinars Braga. Þau birtast til dæmis í *Konum* og *Himninum yfir Þingvöllum*, kannski sem forleikur efnahagshruns.

á kenningakerfi „sem getur af sér gríðarlega hagsæld í nokkra áratugi en stofnar sjálfu lífríkinu í hættu, kerfinu sem framtíðartilvist mannsins byggist á“.<sup>3</sup> Fyrir tilstilli hagvaxtarins stendur eftir draugahús í *Hálendinu* sem hefur étið sig sjálft að innan og um það reika aðalpersónur sögunnar.<sup>4</sup> Með því að mergsjúga náttúruna á þennan hátt er fólk vitaskuld að nærast á sjálfu sér; það gæti allt eins verið að éta innan úr sér líffærin, eitt af öðru, þar til líkaminn stæði ekki undir sér. Í lýsingu Egils, sem er ein af sögupersónum *Hálendisins*, verða líkindin ljós. Hugmyndin um tómið vekur með honum hrylling.<sup>5</sup> Hann segir: „Ég finn til andstyggðar þegar ég kem í íslenskar sveitir, hef alltaf gert. Of mikið af engu hérna. Öll miðja landsins er tóm, það er eins og samfallin blaðra.“<sup>6</sup> Líkindum lands og líkama gerir Steinar Bragi glögg skil þar sem á blaðsíðum *Hálendisins* reika dauðskelkaðar sögupersónur um í landslagi sem líkist mannlíkamanum – innan frá.

### *Steinar Bragi og samfélagið*

Stephen King hefur skrifað um það að hrollvekjur njóti aldrei meiri vinsælda en á erfiðleikatímabilum í samfélaginu, en hann segir:

Hryllingsmyndir og -skáldsögur hafa alltaf verið vinsælar, en á tíu til tuttugu ára fresti virðast koma tímabil þar sem þær verða sérstaklega sýnilegar og vinsælar. Þessi tímabil fara saman við að

<sup>3</sup> Guðni Elísson, „Þegar vissan ein er eftir“ ... Um staðlausa stafi og boðunarfriðla-hyggu“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2010, bls. 17–25, hér bls. 23.

<sup>4</sup> Fred Davey talar um að það sama hafi gerst víða eftir að peningar færðust inn í netheima. Í kjölfarið var allt lífsmark sogið úr heilu samfélögunum, rétt eins og þau væru lík í hryllingsmynd. Sjá, „Cyburbanism as a Way of Life“, *Architecture of Fear*, ritstjóri Nan Ellin, NJ: Princeton Architectural Press, 1997, bls. 260–281, hér bls. 272.

<sup>5</sup> Hugmyndin um að náttúran þoli ekki tómarúm (e. *nature abhors a vacuum* og lat. *horror vacui*) hefur verið eignuð Aristótelesi. Sjá Aristóteles, *Physics* [mobi], New York: Dover Publications, 2017 bls. 99–115.

<sup>6</sup> Steinar Bragi, *Hálendið*, Reykjavík: Mál og menning, 2011, bls. 65. Eftirleiðis verður vitnað til sögunnar með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli. Tilvitnunin lætur einnig uppi að náttúran veldur honum viðbjóði, en ef marka má Mary Douglas tengist slíkur viðbjóður hinu óhreinna. Nefna má sérstaklega umræðu Douglas um lík, en þau eru að hennar sögn óhrein, enda bíður þeirra bara langt ferli upplausnar og rotnunar þar til öll auðkenni eru afmáð. Sjá *Purity and Danger: An Analysis of Concepts of Pollution and Taboo*, London og New York: Routledge, 2001, bls. 160. Rétt er að benda á hugmyndir heimspekingsins Noëls Carroll um viðbjóð sem viðbragð við list-hryllingi en þær birtust í bókinni *The Philosophy of Horror or Paradoxes of the Heart*, New York: Routledge, 1990, sjá til dæmis bls. 50.

nokkuð alvarlegir efnahagslegir og/eða pólitískir erfiðleikar steðja að og bækurnar og kvikmyndirnar virðast endurspegla kvíðann [...] sem flæðir um samhliða hinum alvarlegu en óbanvænu röskunum.<sup>7</sup>

Steinar Bragi hefur haft það að leiðarljósi í mörgum bóka sinna að skrifa um samfélagsleg málefni á slíkan hátt. Sennilega geta flestir verið sammála um að *Hálendið* sé hrollvekja og þeir sem hafa blaðað í fleiri verk höfundarins vita að hann þekkir vel til hryllingshefðarinnar og notfærir sér hana jafnan til að gagnrýna samfélagsgerðina. Síðustu bækur hans hafa verið lofaðar fyrir djúpa samfélagskritík sem gagnrýnendum þykir skína í gegnum óhugnaðinn. Honum hefur til dæmis verið líkt við Lars Von Trier sem er þekktur fyrir að vekja með áhorfendum viðbjóð í þeim tilgangi að draga fram kvenfyrirlitningu, kúgun og önnur knýjandi málefni.<sup>8</sup> Bókmenntafræðingurinn Björn Þór Vilhjálmsson segir í þessu samhengi að:

[e]kki síst [sé] sýn Steinars á eðli og innbyggða hætti, hneigðir og hvatir manneskjunnar myrk og afdráttarlaus. Átökin við þetta risavaxna viðfangsefni birtist meðal annars í feimnislausri sýn ýmissa verka hans á rányrkju karla á líkómum kvenna í kapítalísku nútíma-samfélagi, samfélagi þar sem valdamisvægi kynjanna er katastrofískt hneyksli, sami glæpur nú og það hefur alltaf verið.<sup>9</sup>

Sýn Steinars Braga á myrkar hneigðir mannskepnunnar birtist strax í annarri skáldsögu hans, *Ábyggjудúkkum* sem kom út árið 2002. Sagan er öðrum þræði ádeila á eftirlitssamfélagið þar sem njósnað er um sögupersónur í gegnum myndavélar, sjónvörp og önnur tæki. Þann þráð tekur hann aftur upp í *Konum* sem kom út 2008, þar sem fylgst er með aðalpersónu sögunnar í gegnum myndavélar. Skáldsagan *Konur* fjallar um kynferðisofbeldi, en í sögunni er deilt á nauðgunarmenningu, og það sama má segja um skáldsöguna *Kötu* sem kom út árið 2015. Björn Þór Vilhjálmsson hefur sagt að sú

<sup>7</sup> Stephen King, *Danse Macabre* [mobi], London: Hodder & Stoughton, 2006, bls. 42–43. Þýðing er mín, eins og allar þýðingar í greininni nema annað sé tekið fram.

<sup>8</sup> Um þetta hefur til dæmis Ásta Sólhildur Þorsteinsdóttir fjallað í BA-ritgerð sinni: „Er (aftur) kominn tími á ögrandi svör?“ *Viðtökusaga Steinars Braga og Lars von Trier greind í ljósi femínísku viðnámslesturs*, BA-ritgerð í almennri bókmenntafræði, Reykjavík: Háskóla Íslands, 2015, sjá einnig ritdóm Dagnýjar Kristjánsdóttur, „Listin að pína konur“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2009, bls. 109–113.

<sup>9</sup> Björn Þór Vilhjálmsson, „Minnisblöð úr undirdjúpunum“, *Hugrás*, 6. janúar 2017, sótt 18. nóvember 2021 af <http://hugras.is/2017/01/minnisblod-ur-undirdjupunum/>.

skáldsaga sæki til hefðar norrænna glæpasagna þar sem samfélagsrýni hefur verið fyrirferðarmikil um áratugi:

Samfélagsleg boðun er lýtur að kynferðisglæpum er raunar innbyggð í skáldsöguna í svo ríkum mæli að mögulegt er að ætla henni markmið á borð við vitundarvakningu og félagslegar umbætur. Af þessum sökum tekur hún sér jafnframt skýrari stöðu í umræðu um kynferðisofbeldi en alengt er um bókmenntir.<sup>10</sup>

Einar Kári Jóhannsson ræðir einnig kynferðisofbeldi og samfélag *Kötu* í greininni „Heimatilbúið réttarkerfi“ þar sem hann beinir sjónum að hefnd þolenda í kjölfar grófrar kynferðislegrar misnotkunar. Hann segir að með bókinni deili höfundur á „getuleysi íslensks réttarkerfis til að takast á við kynferðisbrot“.<sup>11</sup> Þá má nefna að uppreisnin sem fjallað er um í *Kötu* er einnig í gotneskum anda, þar sem innilokaðar og kvaldar konur leggjast í rannsóknarvinnu og fá réttlætinu fullnægt að lokum.

Ýmis einkenni gotnesku stefnunnar birtast líka í *Konum*, sem kom út í kringum efnahagshrunið sem varð í október 2008. Fjölbýlishúsið í Skuggahverfinu þar sem lykilatburðir gerast er jafngildi miðaldakastala í reimleikahúsasögu frá níttjándu öld, enda eiga aðalsmenn í íslenskum samtíma nýbyggingar í stað aðalssetra. Herramennirnir (úr banka- og listageiranum) loka þar inni og misþyrma hrottalega ungru konu sem er aðalpersóna sögunnar. Konan hefur stöðu yngismeyjarinnar í gotneskum sögum, persónunnar sem valdamiklir fautar læsa inni í myrkum kastala og níðast á.<sup>12</sup> Í greininni „Fjármálavæðing og mótun tímans í *Konum* eftir Steinar Braga“ dregur Viðar Þorsteinsson fram hvernig skáldsagan „vísar aftur fyrir sig í Viktorútímann“.<sup>13</sup> Það á einkar vel við þegar rétt er um hagkerfi sem erfitt

<sup>10</sup> Björn Þór Vilhjálmsson, „Stríð gegn konum“, bls. 126.

<sup>11</sup> Einar Kári Jóhannsson, „Heimatilbúið réttarkerfi. Birtingarmynd hefnda í skáldsögnum *Kötu* eftir Steinar Braga og *Góðu fólki* eftir Val Grettisson“, *Ritið* 2/2018, bls. 137–163, hér bls. 141.

<sup>12</sup> Þá hefur Björn Þór Vilhjálmsson greint gotnesk áhrif í *Hinninum yfir Þingvöllum* sem hefur að geyma þrjár nóvellur, „Raffesíublómið“, „Dag þagnar“ og „Svarta hlutinn“ en hún kom út árið 2009, á milli *Kvenna* og *Hálendisins*. Í „Raffesíublóminu“ „er hinn gotneski hryllingur sem brýst síðar fram í sögunni undirbyggður og ljóst má vera að höfundur er strax í upphafi í mun að leggja drög að þematísku kerfi þar sem dauðahugtakið er miðlægt.“ segir Björn. Björn Þór Vilhjálmsson, „Skrif við núllpunkt. Um steingervinga, sæborgir og endalok í *Hinninum yfir Þingvöllum*“, *Ritið* 1/2011, bls. 137–157, hér bls. 138.

<sup>13</sup> Viðar Þorsteinsson, „Fjármálavæðing og mótun tímans í *Konum* eftir Steinar Braga“, *Ritið* 3/2015, bls. 9–33, hér bls. 16.

er að skilja, eins og það sem landsmenn reiddu sig á fyrstu ár 21. aldarinnar að minnsta kosti.<sup>14</sup> Viðar segir:

Eitt einkenni á skáldskap Viktoríútímans var meðvitundin um óstöðugleika skuldadrifins hagkerfis og angist vegna skorts þess á jarðtengingu, angist sem ágerðist eftir því sem breska hagkerfið virtist æ ofurseldara duttlungum hlutabréfamarkaða, spákaupmennsku, og efnahagsbólum.<sup>15</sup>

Viðar ræðir sérstaklega um *Konur* sem táknsögu um fjármálavæðinguna og haldið sem lagt er á tímann í grein sinni, það er að segja hvernig „fjármálaauðmagn“ nær valdi á sjálfsverunni og tímanum um leið.<sup>16</sup> Með hliðsjón af hugmyndum hagfræðingsins Eleno Esposito gerir hann grein fyrir því að meira sé fólgið í lánasamningi en loforð um endurgreiðslu því að við undirritun sé tími lántakanda festur í fjötra.

Samningur lántaka og lánveitanda felur [...] í sér ákveðna mótun eða bindingu tímans frá sjónarhóli sjálfsverunnar, bindingu sem kristallast í *loforðinu*, sjálfviljugu en þó heftandi samkomulagi sem njörvar framtíð sjálfsverunnar niður á klafa fyrri yfirlýsinga hennar.<sup>17</sup>

Í skáldsögunni fær listakonan Eva afnot af lúxusíbúð í Skuggahverfinu, sér að kostnaðarlausu – að hún heldur. Tilboðið er í anda reimleikahúsasagna; of gott til að vera satt. Íbúðin er á vegum Kaupþings og í ljós kemur að hún þarf að greiða hana dýru verði, það er að segja með því gefa sjálffræðið upp á bátinn. Hún verður fangi í íbúðinni, sem Viðar tengir við „vald fjármála-geirans yfir lífum venjulegs fólks“ í krafti húsnæðislánasamninga.<sup>18</sup> Með

<sup>14</sup> Töluvert hefur verið rætt um forspárgildi bókarinnar fyrir íslenska fjármálahrúnið sem í vændum var þegar Steinar Bragi samdi hana. Eiríkur Örn Norðdahl, „Literature in the Land of the Inherently Cute“, *The Reykjavík Grapevine*, 15. apríl 2011, sótt 5. október 2021 af <https://grapevine.is/mag/articles/2011/04/15/literature-in-the-land-of-the-inherently-cute/>. Eiríkur kallar *Konur* jafnframt kreppusögu (e. *crisis novel*).

<sup>15</sup> Viðar Þorsteinsson, „Fjármálavæðing og mótun tímans í *Konum* eftir Steinar Braga“, nmgr. bls. 16.

<sup>16</sup> Sama heimild, bls. 14.

<sup>17</sup> Sama heimild, bls. 13. Viðar vísar í verk Eleno Esposito, *The Future of Futures. The Time of Money in Financing and Society*, Cheltenham: Edward Elgar, 2011.

<sup>18</sup> Sama heimild, bls. 12.

þeim er líf lántaka spyrnt saman við skuldina í tiltekinn tíma. Þegar um er að ræða húsnæðislán, til dæmis verðtryggð lán til fjörutíu ára, er óvíst að lántakanum endist ævin til að greiða skuld sína og þannig verður hann heitbundinn skuldunauti sínum allt til dauðadags. Steinari Braga virðist hugleikið þetta sívinsæla viðfangsefni reimleikahúsaðhrollvekjunnar, en í því samhengi hefur hann skrifað um haftabönd sjálfsverunnar í samfélagi sem er yfirkeyrt af „frjálsræði“ og neysluhyggju. Þessi efnistöð birtast einna helst í *Konum* og í nóvellusafninu *Himninum yfir Þingvöllum*, þar sem dauðinn er að viti Björns Þórs „tákn um „2007“-ruglið (hið endanlega neyslukikk)“<sup>19</sup> – og segja má að *Hálendið* sé nokkurs konar framhald af þeirri samfélagsgagnrýni. Skáldsagan fjallar á forsendum hrollvekjunnar um hrunið, orsakir og eftirköst þess fyrir þjóðfélagið allt.<sup>20</sup> Það gefur höfundurinn til kynna í viðtali frá árinu 2018 með því að segja að leiðin til að miðla hruninu sé að höfða til skynjunarinnar. Þá má hafa í huga að hrollvekjian er bókmenntagrein sem einna helst má skilgreina eftir líkamlegum viðbrögðum lesenda.

Hrunið sem varð hér er hryllingur sem hefur verið tjáður á hagfræðimáli sem á ekki endilega best við. Þetta er hrun af mannavöldum og endurspeglar fyrst og fremst sálfræðilegar stærðir. Orsökkin býr í því hvernig við skynjum og hugsum.<sup>21</sup>

Í tilvitnuninni vikur Steinar Bragi að hugarstarfi þjóðarinnar sem hruninu olli. En segja má að eitt höfundareinkenna hans sé að draga fram efnahaginn með því að sýna hann á forsendum líkamsstarfs. Til dæmis birtist fjármálhagkerfið í *Konum* í hegðunarmynstri og andlegum óstöðugleika aðalpersónunnar, en um það ræðir Viðar Þorsteinsson í fyrrnefndri grein sinni. Hann segir meðal annars að „[n]iðurtúrar“ og „geðhæðir“ Evu minn[i] á sveiflukennt eðli fjármálhagkerfisins.“<sup>22</sup> Þetta einkennir einnig *Hálendið* þar sem sveiflur hagkerfisins birtast í ýmsum jarðhræringum í landslaginu, en ekki síst koma þær fram sem titringur í taugakerfi sögupersóna.

<sup>19</sup> Björn Þór Vilhjálmsson, „Um steingervinga, sæborgir og endalok í *Himninum yfir Þingvöllum*“, bls. 140.

<sup>20</sup> Guðni Elísson hefur jafnframt sagt að kalla megi íslenska bankahrunið „sérstaka grein (e. *genre*) í íslenskri menningarsögu.“ í „Vogun vinnur ... Hvar liggja rætur íslenska fjármálahrunsins?“, *Saga XLVII*: 2/2009, bls. 117–146, hér bls. 118.

<sup>21</sup> Silja Bára Hauksdóttir, „Vildi glaður vera laus við hryllinginn“, *mbl.is* 22. desember 2011, sótt 17. nóvember 2021 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1404623/>.

<sup>22</sup> Viðar Þorsteinsson, „Fjármálavæðing og mótun tímans í *Konum* eftir Steinar Braga, bls. 31.

*Jeppaferð frá Víti*

Sagan hefst á bílferð uppi á hálendi. Inni í bílnum, nánar til tekið Benzjeppa, sitja sögupersónurnar: Hrafn, Vigdís, Anna og Egill, sem eru á leið frá Öskju og þar með sprengigígnum Víti. Þau bruna um utan vega – en það veit sjaldnast á gott í hrollvekjum. Þegar fjölskyldur eða vinahópar víkja frá merktri leið í vegamyndum, lenda þau gjarnan utan siðmenningar, eins og kvikmyndin *The Hills Have Eyes* (leikstjóri Wes Craven, 1977) fangar ákaflega vel, en hún segir frá Carter-fjölskyldunni sem villist af rétttri leið og verður strandaglópur í Nevada-eyðimörkinni. Þar rekst fjölskyldan á afbrigðilega og sturlaða fjölskyldu utangarðsfólks sem lifir á því að ræna og éta saklausa ferðalanga. Í kvikmyndinni *The Descent* (leikstj. Neil Marshall, 2005) hrekest vinkonuhópur af leið í hellaskoðun og lendir í klónum á stökkbreyttum hellaskrímslum – en jafnframt verða miskunnarlaus átök innan hópsins. Kvikmyndir sem þessar fjalla um það hvernig tilteknir ramar eru notaðir sem leiðarstíkur í siðmenntuðum samfélögum, eins og nokkurs konar kvíar sem halda samfélaginu í skefjum. Þeir sem fíkra sig áfram innan leiðarkerfanna eru öruggir. Hinir sem keyra utan vega geta komið öllu í uppnám. Þar sem reglur samfélagsins eiga ekki lengur við mæta hinir villuráfandi sauðir gjarnan hópi skrímsla sem eru ekki endilega yfirnáttúruleg en oft innræktuð og afmynduð. Svæðin eru einatt í niðurníðslu, oftan en ekki vegna þess að þau hafa verið þurrausin í nafni uppbyggingar á öðrum slóðum (uppbygging í borginni á kostnað landsbyggðarinnar er eitt þemað) eða þeim hefur verið fórnað í nafni vísindatilrauna (nefna má kjarnorkuprófanir sem dæmi).<sup>23</sup>24

Fjórmenningarnir í *Hálendinu* keyra um í íslenskri eyðimörk, á söndunum í landinu miðju. GPS-tækið í bílnum er bilað og því hafa sögupersónur ekki hugmynd um hvar þær eru staddar. Ekki bætir úr skák að vegastíkurnar hverfa í þokunni svo að félagarnir enda lengst inni í óbyggðum þar sem venjubundin lögmál samfélagsins eiga ekki lengur við. Þá mæta þeir

<sup>23</sup> Fleiri dæmi um kvikmyndir sem fjalla um hættur þess að villast af rétttri leið og jafnvel rata inn á svæði þar sem stökkbreytingar, innvensl og í versta falli mannat ógna lífi og limum sögupersóna eru *The Texas Chain Saw Massacre, Wrong Turn* (leikstjóri Rob Schmidt, 2003) og *Deliverance* (leikstjóri John Boorman, 1973).

<sup>24</sup> Sjá til dæmis Barry Curtis, *Dark Places. The Haunted House in Film*, London: Reaktion Books, 2009, bls. 197.



„innfæddum“ svo og skrímslum í anda þjóðsagnaveranna skuggabaldurs og skoffíns. Jeppinn er hlaðinn af vistum – meðal annars humri „sem Egill ætlaði að grilla þegar þau næðu inn að miðju landsins; sem virtist eiga að verða einhvers konar sigur hans á náttúrunni.“ (55) Þakkfullur Benzinn af lúxusvarningi sem varla getur talist brýnn í útivist lýsir ágætlega stemmningunni sem ríkti í þjóðfélaginu á fyrstu árum 21. aldar.

Sögupersónurnar draga líka dóm af ástandinu fyrir hrun. Þær hafa allar komið nálægt einhverju sem hrinti af stað íslenska efnahagshruninu. Egill er bankamaður sem hagnaðist á hlutabréfasölu í DeCode og Hrafn tók við fjölskylduútgærðinni en græddi hraðar með því að millifæra peninga en reka hana. Ungu mennirnir hafa farið geyst á toppinn og stefna nú hratt niður því um það leyti sem sagan gerist er hrunið að bresta á. Hrafn er lýst sem einni af „skítlegustu blóðsugum Íslands.“ (40) Hann fæddist inn í ríkidæmi sem Egill öfundar hann af. Vigdís er sálfræðingur. Hún lýsir foreldrum sínum sem „fulltrú[um] almennings“ (35), sem gæti reyndar verið hennar hlutverk í sögunni. Eins og fólkíð í landinu heillaðist af útrásinni féll hún kylliflöt fyrir Hrafn á meðan hann var í meðferð hjá henni, enda gerðist allt „hratt hjá Hrafn“ (40). Hann passar sig á að koma vel fyrir og sjarmerar Vigdís upp úr skónum, til dæmis kunnir hann fyrstu blaðsíður *Íslandsklukkunnar* utan að (sem segir ekkert til um hvort hann hafi lesið meira af bókinni og gæti raunar bent til hins gagnstæða).<sup>25</sup> Anna er blaðamaður og kærasta Egils. Þau kynntust í „móttöku hjá Kaupþingi í Borgartúni þar sem hún var að vinna að opnuviðtali við eiginkonur íslenskra viðskiptamanna.“ (58) Hún dregst að hluta til að „miskunnarleysi[nu], siðleysinu og grímulausu klifrinu“ (58), en helst „fann [hún] ástina vella upp í sér“ (59) þegar Egill lætur í ljós að hann girnist Vigdísar frekar – sem hann gerir líklega aðeins vegna þess að hún er kærasta keppinautarins, Hrafn. Anna ólst upp hjá fátækri einstæðri móður en Vigdís bjó hjá báðum foreldrum sínum fram á unglingsár en þá missti hún móður sína í bílslysi. Þegar líður á söguna verður smám saman ljóst að allar persónur hafa orðið fyrir einhvers konar áfalli eða misnotkun og hálendið virðist feykja því öllu upp úr hvelfingum í huga þeirra sem geyma fjölskylduleyndarmál í gotneskum anda. Vigdís og Anna virðast

<sup>25</sup> Þess má geta að meyarblóminn jómfri Snæfríður gæti allt eins hafa verið stödd í reimleikahúsi þegar hún sagði „Vinur, hví dregur þú mig inn í þetta skelfilega hús“ (Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1998, bls. 28) og kastaði sér í fangið á Arnasi á Rein þar sem heimilisfólkið var ýmist líkþráir menn eða hálfbjánar, nema hvortveggja væri (Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, bls. 15). Að minnsta kosti er tilgangur ferðarinnar í gotneskum anda, þar sem yfirstéttin hirðir upp aldagamalt handrit úr bæli gamallar, fátækrar kerlingar í skítugum kofa.

báðar hafa valið fremur þann versta en þann næstbesta rétt eins og Snæfríður í *Íslandsklukkunni* og góðærið sem dró þörin saman fyrir hrun er nú orðið að hlekkjum þeirra. Konurnar eru skráðar fyrir eignum kærastanna sem draga þær niður í svaðið. En þær áttu einnig sinn þátt í að viðhalda hugmyndafræðinni sem leiddi til hrunsins. Hrafn, Vigdís, Egill og Anna eiga það öll sameiginlegt að fortíðin sækir að þeim ekki síður en íbúum annarra reimleikahúsa í bókmennta- og kvikmyndasögunni. Þá deila karlmennirnir í *Hálendinu* fortíðardraugum (og þar með nokkrum löstum) Jacks Torrance í *The Shining* og ýmislegt í fari kvennanna minnir á konur úr reimleikahúsafrásögnum, til dæmis Wendy Torrance, Eleanor í *The Haunting of Hill House* eftir Shirley Jackson og Björgu sem er aðalpersónan í kvikmyndinni *Húsinu*, sem telja má fyrstu íslensku hrollvekjuna í fullri lengd (leikstjóri Egill Eðvarðsson, 1983).<sup>26</sup> Einnig má nefna að bæði persónugerðir og sögu svið minna á skáldsöguna *The Elementals* eftir Michael McDowell sem gerist einnig í auðninni, en þá við stendur Alabama. Sagan hverfist um erfðamál, græðgi og svik; stéttir og þöggun; alkóhólisma og meðvirkni sem kristallast í reimleikahúsinu. Segja má að allt þetta glími sögupersónur *Hálendisins* einnig við á söndunum á öræfum.

Hrafn er óvirkur alkóhólisti þegar hann leggur af stað upp á hálendi, að eigin sögn hafði hann verið „stjórnlau *alki*“ (121). Hann fer í meðferð til Svíþjóðar fyrir tilstilli Vigdísar, sálfræðingsins síns og kærustu, og kemur til baka sem breyttur maður. Hættur að drekka og dópa og farinn að stunda úti vist með Vigdísi, en tappinn er ekki lengi í flöskunni eftir að í óbyggðirnar er komið. Egill hefur djúpstæða minnimáttarkennd gagnvart Hrafn, hann er bitur og þjakaður yfir því að hafa ekki fengið sömu tækifæri og hann og kennir öðrum sífellt um það hvernig komið er fyrir honum. Báðir mennirnir hafa tapað aleigunni þegar fjórmeningarnir leggja upp í ferðalagið.

Hugsanir kvennanna hverfast um karlana; Egil og Hrafn. Þær eyða drjúgum tíma í að reyna að skilja hvað knýr þá áfram og hvernig þeir eru gerðir. Anna minnir á Eleanor andspænis Hæðarhúsinu í ástýki sinni, hún elskar Egil heitar eftir því sem hann beitir hana meira andlegu ofbeldi; Vigdís er eins og hækja fyrir Hrafn, kemur honum á lappir eftir ofdrykkju og sukk góðærisáranna og hugsar um hann eins og móðir. Hún minnir þannig á sögupersónur á borð við Marian Rolfe í *Burnt Offerings* eftir Robert Ma-

<sup>26</sup> Húsið í kvikmyndinni vekur upp tráma aðalpersónunnar Bjargar svo reimleikarnir í sögunni eiga sér stað í huga hennar fremur en sjálfum hóbýlunum. Sjá nánar „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum. Um Húsið eftir Egil Eðvarðsson“, *Ritið* 2/2019, bls. 135–172.

rasco og Wendy í *The Shining* eftir Stephen King sem fórna sér fyrir hús eða íbúa þess. Samliðan er jafnframt lykilatriði í sambandi Vigdísar og Hrafns, en hún finnur til með honum vegna þess að hún verður þess áskynja að eitt-hvað í fortíð hans hafi brotið hann. Hún leggur því allt í sölurnar til þess að byggja hann upp; ferilinn, eignir sínar og að lokum hugsanlega lífið. Saman taka fjórmeningarnir stefnuna inn í draugahús; nánar tiltekið eru strákarnir við stjórn og stelpurnar fylgja með.

Benzinn mjakast áfram í myrkrinu og segja má að félagarnir komist á leiðarenda þegar þeir klessa á svart hús „sem kom þjóttandi utan úr þokunni“ (12) einhvers staðar við norðurrönd Vatnajökuls.<sup>27</sup> Eftir „hvellinn“ neyðast fjórmeningarnir til að dvelja í húsinu á milli þess sem þeir hringsóla um hálendið og reyna að komast aftur norður að Öskju. Þannig verður hálendi Íslands að reimleikahúsi þar sem sögupersónur festast í tíma á milli góðæris og hruns. Það er einnig rýmið á milli lífs og dauða, sem birtist í því að sagan gerist að mestu eftir hvellinn sem verður við áreksturinn við húsið. Þar dvelja sögupersónur bæði í tíma og rúmi þar til þær virðast ýmist fjara út ein af annarri eða sökkva undir yfirborð jarðarinnar, eða eins og segir í sögunni: „Þau voru ekki lengur gjaldgeng í heimi efnisins heldur stödd í einhverju limbói milli lífs og dauða og rötudu í hvoruga áttina.“ (238) Það er freistandi að líta svo á að sögupersónur séu fastar í viðjum eigin ótta vegna hvellsins (eftir áreksturinn – eða það sem er líklegra, vegna hrunsins).

### *Draugapeningar í draugahúsum*

*Hálendið* á það sameiginlegt með *The Shining* að það eru fjárhagskröggur sem hleypa sögupersónum af stað að reimleikahúsinu. Fjórmeningarnir í *Hálendinu* eru að flýja óvissuna sem blasir við þeim eftir efnahagshrunið. Atvinna þeirra og búseta er ótrygg og þar með allt það sem þau hafa talið til lífsgæða árin á undan. Það sem rekur Hrafn, Egil, Önnu og Vigdís af stað inn að miðju landsins til að byrja með er flótti frá gjaldþroti – og kannski

<sup>27</sup> Áreksturinn í sögunni orkar sem orðaleikur sbr. að á ensku er sama orð notað yfir fjármálahrún og árekstur, eða *crash*. Í íslensku sögunni virðast gerðar tilraunir til að finna orðstofn sambærilegan þeim enska til dæmis þegar talað er um að húsið *skelli* á bílnum (Steinar Bragi, *Hálendið*, bls. 12) – lesendur geta þá hugsað að hrunið hafi verið skellur fyrir þjóðina – að það hafi orðið heilmikill *hvellur* (Steinar Bragi, *Hálendið*, bls. 17), en atla má að hugrenningatengslin komist sérstaklega á fyrir tilstilli enska orðsins sem felur í sér hliðstæðuna. Eins má minna á að Stephen King segir *The Amityville Horror* kvikmyndina vera um „a financial demolition derby“ og líkir þannig fjárhagsástandi fjölskyldunnar við klessubílakeppni. Stephen King, „Why We Crave Horror Fiction“, *Playboy* janúar 1981, bls. 237.

ekki síður skömm. Þar mæta þau ekki eiginlegum draugum, en gamlir íbúar svæðisins og þjóðsagnaskepnur virðast hafa sögið merg og bein úr öllu því sem á vegi þeirra hefur orðið um langt skeið – sem samræmist nokkurn veginn virkni fjármálakerfisins í kringum síðustu aldamót.

Löng hefð er fyrir því að tengja peninga eða peningaleysi draugagangi í skáldskap. Hrollvekjur Viktoríutímabilsins vísa gjarnan til fjármála í heimi lesenda enda tók efnahagslífið stakkaskiptum á nítjándu öld. Kauphallir risu og pappírspeningar voru að komast í umferð. Peningaseðlar eru eftirmyndir fjárforða þjóðarinnar, tákn fyrir gull og silfur sem geymt er í læstum hirslum. Menningarfræðingurinn Mary Poovey hefur bent á að drjúgan hluta nítjándu aldar hafi fæstir Englendingar haft skilning á því hvernig fjármálakerfið virkaði, því það var ómögulegt fyrir fólk að „snerta eða telja“<sup>28</sup> sjóði sína, „þar sem pappírinn sem kom í staðinn fyrir gullið sem auðurinn samanstóð af á táknrænan hátt [...] gerði það jafnframt óþarft“.<sup>29</sup> En til að fólk legði traust sitt á kerfi sem hafði jafnóljósa virkni og raunin var, kom það meðal annars í hlut blaðamanna og rithöfunda að skrifa um fjármál. Þær ógreinilegu hugmyndir sem voru á sveimi um innviði fjármálaheimsins meðal almennings voru því að mestu leyti úr dagblöðum og tímaritum, en gallinn var sá að fjármálafyrirtækin gáfu sjaldnast upp nákvæmar upplýsingar um starfsemi sína. Óáreiðanleiki fjármálafréttanna var jafnframt fólgin í því, þá sem endranær, að dagblöðin treystu á auglýsingar til að geta starfað. Og auglýsendur voru vitaskuld oftast en ekki frá sömu fyrirtækjum og báru ábyrgð á lélegu upplýsingaflæði um fjármálakerfið. Poovey segir í ljósi þess mikilvægt að hafa í huga að hver einasta grein um fjármál tímabilsins hafi verið tilraun til að ná utan um og skilja eitthvað sem var aðeins sýnilegt að hluta til og síbreytilegt.<sup>30</sup> Bókmenntafræðingurinn Andrew Smith hefur greint þá draugalegu breytingu sem varð á efnahagskerfi Bretlands á nítjándu öld í skáldskap frá tímabilinu. Nægir að nefna vofur í verkum rithöfundanna Charles Dickens og J. H. Riddell sem drógu bæði fram skýrar hliðstæður á milli reimleika og peninga í draugasögum sínum. Saga Dickens *A Christmas Carol* er gott dæmi um slíkt því þar tengir hann til dæmis ósýnileika fjármálakerfisins við siðferði.<sup>31</sup>

<sup>28</sup> Mary Poovey, „Introduction“, *The Financial System in Nineteenth-Century Britain*, ritstjóri Mary Poovey, Oxford: Oxford University Press, 2003, bls. 1–35, hér bls. 2.

<sup>29</sup> Sama heimild, sama stað.

<sup>30</sup> Sama heimild, bls. 3–5.

<sup>31</sup> Andrew Smith, „Dickens’ Ghosts. Invisible Economies and Christmas“, *Victorian Review* 31: 2/2005, bls. 36–55, hér bls. 36.

Finna má augljósar hliðstæður með fjármálakerfinu hérlendis fyrir og eftir hrun og því sem Poovey lýsir á Englandi á nítjándu öld. Í túlkun ensku rithöfundanna minnir óáþreifanlegur auðurinn á svipi og afturgöngur sem ásækja samfélagið. Í samtímanum eru peningar enn ósýnilegri. Þeir eru vart meira en svipir á tölvuskjá<sup>32</sup> – oft án þess að nokkur eiginlegur hlutur (gull) sé að baki ljóma talnanna.<sup>33</sup> Á fyrstu árum 21. aldar lýsti fólk um allan heim undrun sinni yfir því hvernig Íslendingar gætu verið svona miklir fjármálanstillingar eins og þeir virtust vera. Oftar en ekki var undirtónninn írónískur, enda ansi hæpið eftir á að hyggja að allir helstu fjármálavitringar heims hefðu fæðst í 350 þúsund manna samfélagi í Norður-Atlantshafi. Almenn-ingur hafði þó sjaldnast hugmynd um hvað fólst í ríkidæminu og snilligáfunni, annað en orð blaðamanna – sem áttu þátt í því að skapa ímynd íslensku útrásarinnar. Þessu gerir Steinar Bragi skil í skáldsögu sinni.

Anna í *Hálendinu* hefur atvinnu af útrásinni. Sem blaðakona hefur hún tekið þátt í að staðfesta og viðhalda draughagkerfinu í byrjun 21. aldar. Starf hennar felst ekki síst í því að mæra valdastéttina og fá lesendur til að snúast á sveif með hinum (ný)ríku. Skriftir hennar höfðu verið:

spenntar fyrir vagn einhverra peninga-apa til að lyfta orðspori Sjálfstæðisflokksins gagnvart miðaldra kellingum eða gera Finn Ingólfsson áhugaverðan, Hannes Smárason mannlegan, Kristínu Ólafsdóttur skapandi, Geir Haarde að húmorista. (105)

Með því að skrifa lífsstílsviðtöl vekur hún samlíðan lesenda með aðalpersónum útrásarinnar; þeir spegla sig í fólkinu sem birtist þeim á síðum tímaritanna og snúast þannig á sveif með þeim. Mannlega hliðin gerir útrásarvikingum og skósveinum þeirra hægara um vik að athafna sig; græða á daginn og grilla á kvöldin. Kynningarstarfið gengur út á að fela skuggahliðarnar, rétt eins og Overlook-hóтелиð vakti samlíðan Jacks Torrance þegar hann las um mannlega eiginleika þess, þá sem lesandinn – Jack – gat samsamað sig með. Í augum hans var hóтелиð ekki skrímsli, heldur einstaklingur sem hann leit upp til og þurfti að vernda. Hinu blekkjandi og lokkandi yfirborði skrímslisins eru gerð skil í *Hálendinu* og endurspeglast það á alle-

<sup>32</sup> Bitcoin og annar rafeyrir er sennilega öfgafyllsta dæmið, þar sem um er að ræða rafrænan gjaldmiðil sem byggir á dulkóðun, án nokkurra afskipta yfirvalda eða eftirlitsaðila.

<sup>33</sup> Í *Hálendinu* eru svipirnir líkari þjóðsagnaskepnum en vofum Viktoríutímans. Þeir eiga það þó sameiginlegt með hugmyndinni um peninga í samtímanum að vera óáþreifanlegir og hverfulir.

górískan hátt í sögu um skepnu sem nærast á börnum. Hana finnur Vigdís í bókinni „*Sögur af djöflum og púkum*“ (198) í húsinu sem þau keyra á.<sup>34</sup> Í sögunni étur kvikindið fjölskyldu út á gaddinn. Þegar maturinn er á þrotum þrífur það „til sín börnin tvö, fyrst drenginn, svo stúlkuna, og ét[ur] sig inn í kvið þeirra, upp í gegnum lungun og hjartað og sm[yr] blóðinu yfir fót sín svo að þau vir[ðast] skína sem aldrei fyrr.“ Ástæðan fyrir því að húsmóðirin lætur þetta viðgangast er sú að skrímslið „*hefur svo fögur kleði*“ (199),<sup>35</sup> sem minnir á blaðamanninn í *Hálendinu* sem fellur fyrir ytra byrði fyrirferðar- mestu einstaklinganna í efnahagsþenslunni fyrir hrún, kynnir það og dá-samar. Segja má að útrásin hafi fengið að éta úr fólki lifur og lungu af því að hún var svo fallega framreidd. Lesendur blaðanna átta sig ekki á því fyrr en um seinan að þarna er í rauninni skrímsli að nærast á þeim. Vart þarf að minna á að fjöldi fólks lenti í vandræðum með afborganir af lánunum sínum í efnahagshruninu og festist inni í fasteignum sínum, líkt og Torrance-fjölskyldan á Overlook-hótelinu.<sup>36</sup>

<sup>34</sup> Bókarfundurinn minnir á annan slíkan í kvikmyndinni *Evil Dead* (leikstjóri Sam Raimi, 1981). Í myndinni fara fimm háskólakrakkar í afskekktan kofa í Tennessee. Þau finna djöflabók (*Necronomicon Ex-Mortis* eða *Bók hinna dauðu*) sem meðal annars verður til þess að þau verða andsetin. Allt endar þetta með sundurlimun og slátrun. Í *Hálendinu* þjónar bókin ekki síst þeim tilgangi að sýna hvernig fortíðin gengur aftur; eða kannski er hún særð fram hvað eftir annað.

<sup>35</sup> Anna segir svo hópnum sambærilega sögu af Skimma stökk, sem gæti verið stökkbreytt samtíma-afbrigði af skrímslinu sem Vigdís les um. Skimmi stökkur flækist á Stúdentagarðana á Eggertsgötu í Reykjavík og nærast á börnum ungra fjölskyldna á námslánunum. Skrímslið birtist börnunum sem ósýnilegur vinur og blekkir þau að endingu til að pota lykli í rafmagnsinnstungu á heimilinu, svo að börnin fá raflost og deyja en skrímslið eflist. Skimmi er ósýnilegur foreldrunum líkt og Tony, vinur Dannys í *The Shining*. Hann gabbar börnin jafnframt til að taka inn á sig rafmagn í gegnum fingurna, eða lykilinn, og lofar þeim „skínandi“ kórónu í staðinn; höfuð-djásnið verður svo vitaskuld þeirra bani. Rafmagnið er einnig mikilvægt skrímslinu, Overlook-hótelinu, í *The Shining* eins og í ljós kemur þegar því er lýst að leiðslan á milli hússins og mannsorkunnar sem það sýgur að sér (hugsanlega í fyrsta sinn) er perustæði í stað innstungu. Skimmi minnir á aðra rafstöð sem staðsett er á hálendinu í skáldsögu Steinars Braga. Leifar af vinnubúðum, virkjun og stífla í yfirgefnu þorpi eru eins og Ingibjörg Ágústsdóttir hefur bent á í ritdómi um *Hálendið* „martraða-kennd útgáfa af Kárahnjúkavirkjun“. Ingibjörg Ágústsdóttir, „Grimmt, óhugnanlegt og áþreifanlegt“, *Hugrás*, 22. desember 2011, sótt 5. desember 2021 af <http://hugras.is/2011/12/grimmt-ohugnanlegt-og-athreifanlegt/>. Virkjunin er nokkurs konar skrímsli, líkt og Skimmi stökkur. Það hleður sig af rafmagni úr náttúruauðlindum (framtíð barnanna?) þar til ekkert er eftir annað en auðn og dauði, sem minnir á fyrrnefnda greiningu Guðna Elíssonar á næringarþörfum hagvaxtarins í greininni „Þegar vissan ein er eftir“ ... Um staðlausa stafi og boðunarfrjálshyggi“, bls. 23.

<sup>36</sup> Viðar Þorsteinsson tengir skáldsöguna *Konur* á þennan hátt við kvikmynd Sams

Steinar Bragi víkur að þessu óhlutbundna og óræða verðmætamati samtímans og setur þar með tóninn fyrir túlkun *Hálendisins* í viðtali í tilefni af útkomu bókarinnar haustið 2011. Þar lýsir hann því þegar hann og þáverandi kærasta hans keyptu næstum því hús á Njálsgötunni árið 2006. Hann segir:

Við fengum leiðsögn um húsið, ég skoðaði það og mér fannst það hrífandi. Ég vildi ekkert heitar en að eignast það. Svo gengum við niður stigann, inn í stofuna og þá varð ég fyrir efnislegri vitrun. Ég sá að þetta hús var gert úr timbri, nöglum, rörum og bárujárni. Ég sá hvað naglinn og spýtan kosta og hvað það var víðs fjarri að þetta væri 29 milljóna virði. Ég vildi ekki eyða næstu 40 árum ævi minnar í að borga þennan draum sem var búið að hlaða ofan á spýturnar og naglana. Þetta bjargaði mér frá myntkórfuláninu sem var búið að ræða við mig – og gjaldþroti tveimur árum síðar. Bókin er eiginlega um þetta.<sup>37</sup>

Eins og alþjóð veit lýsir Steinar Bragi því sem margar fjölskyldur stóðu frammi fyrir eftir hrun, íbúðalán hækkuðu og fólk festist í fasteignunum sínum. Lánin voru allt í einu orðin hærri en verðgildi eignarinnar og því ekki hægt að komast út. Slíkar aðstæður leiða óhjákvæmilega af sér ótta og reiði, jafnvel algeran hrylling. Reimleikahúsahrollvekjur fjalla einmitt iðulega um þessar geðshræringar sem fylgja innilokuninni.

Að viti Stephens King er það til dæmis sá undirtexti kvikmyndarinnar *The Amityville Horror* sem gerir hana spennandi, leikstjórinn Stuart Rosenberg hafi greinilega verið meðvitaður um það enda leiki hann stöðugt á þá strengi. King segir að kvikmyndin hafi verið frumsýnd á hárréttum tímapunkti, þar sem verðbólgan var gífurleg í Bandaríkjunum árið 1979 og húsnæðislán ruku upp úr öllu valdi. Rithöfundurinn lýsir atriðinu þar sem honum þykir þetta meginstef myndarinnar birtast hvað skýrast. Amityville-húsið „gleypir“ 1.500 dollara sem Jimmy, bróðir Kathy Lutz, (leikinn af Marc Vahanian) ætlaði að greiða fyrir þjónustu í brúðkaupsveislunni sinni. George Lutz (leikinn af James Brolin) skrifar ávísun til að bjarga mági sínum fyrir horn og greiða fyrir veisluna. Þetta eru peningar sem hann á ekki til og þegar heim er komið snýr hann öllu á hvolf í húsinu í leit að týndu seðl-

---

Raimi, *Drag Me to Hell*, sem fjallar um húsnæðislán á grundvelli hrollvekjunnar. Sjá „Fjármálavæðing og mótun tímans í *Konum* eftir Steinar Braga“, bls. 12.

<sup>37</sup> Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, „Með eigið lík í eftirdragi“, *Fréttablaðið*, 3. desember 2011, bls. 20.

unum. Hann finnur ekkert nema borðann sem var utan um peningana undir sófanum og öskur hans í kjölfarið lýsir að mati Kings reiði, vonbrigðum og ótta. Hann segir ennfremur að skuldsetning fjölskyldunnar sé það allra óhugnanlegasta við kvikmyndina því hann hafi haft meiri áhyggjur af heimilistryggingu sögupersónanna heldur en því að þær kæmst lífs af.<sup>38</sup> Í því samhengi segir hann að myndin gæti allt eins kallast „hryllingur hinnar þverrandi bankainnstaðu“.<sup>39</sup>

Ef mið er tekið af efnahagsástandi Vesturlanda síðasta áratuginn þarf ekki að koma á óvart að kvikmyndir um reimleikahús hafi verið á mikilli uppsiglingu frá árinu 2008, því fjárhagurinn hjá bandarískum fjölskyldum hefur vart verið óstöðugri frá því á áttunda áratugnum. Sem dæmi má nefna að reimleikahúsakvikmyndir úr smiðju Blumhouse-framleiðslufyrirtækisins á borð við *Insidious* (leikstjóri James Wan, 2010), *Sinister* (leikstjóri Scott Derrickson, 2012) og *The Conjuring* (leikstjóri James Wan, 2013) hafa allar slegið í gegn og getið af sér framhaldsmyndir. Eitt frásagnarminni slíkra mynda er gjarnan fjárhagur og fasteignakaup í óstöðugu efnahagsástandi þar sem fólki býðst húsakostur sem það geldur jafnvel fyrir með lífinu – að minnsta kosti lífstíðarlöngum afborgunum. Óttinn við gjaldþrot bindur þannig millistéttina inni í reimleikahúsunum. Þar eru draugar á sveimi en fjölskyldurnar geta ekki flutt út vegna lánanna sem hvíla á eignunum. Það er því sama hvað áhorfendur öskra og æpa heima í stofu eða í bíósalnum; persónur kvikmyndarinnar eða skáldsögunnar geta sig hvergi hrært. Efnahagsþrengingar eru jafnframt jarðvegurinn sem *Hálendið* sprettur úr og því nærtækt að skáldsagan fjalli um geðshræringar á borð við þær sem fasteignaeigendur í reimleikahúshrollvekjum finna til. Þá má minnst þess að reimleikahús eru skrímsli sem nærast á ótta íbúa sinna. Þjóð sem ekki getur staðið við afborganir af lánum verður jafnheltekin af ótta og George Lutz sem fann ekki peningana sem áttu að tryggja að ávísunin sem hann skrifaði væri ekki innistæðulaus.

Í skáldsögu Steinars Braga kemur snemma í ljós að sögupersónur sem voru valdar að hruninu með einum eða öðrum hætti eru einnig bundnar vegna þess. Þær geta ekki snúið aftur til fyrra lífs og það er ekkert sem bíður þeirra í borginni nema gjaldþrot og skömm, en þetta birtist ekki síst í því að GPS-tækið í bifreiðinni vísar fjórmenningunum í sífellu á mótmælin á Austurvelli, sem er fremur írónískt þegar hugsað er til mótmælanna í kjölfar

<sup>38</sup> Stephen King, *Danse Macabre* [mobi], bls. 167–170.

<sup>39</sup> Sama heimild, bls. 170.



efnahagskreppunnar, búshaldabyltingarinnar sem átti sér stað fyrir framan Alþingishúsið.<sup>40</sup> Færi Hrafn þangað, maður sem hagnaðist á því að færa peninga á milli staða, af einum reikningi inn á annan, væri það eins og að fara úr öskunni í eldinn. Upphæðirnar eru ekki raunverulegar – ekki frekar en ávísun sem engin innistæða er fyrir:

„Gleymdist ekki bara eitthvað, er það ekki málið?“ spaugaði Egill og klappaði honum á bakið. „Þarftu ekki að komast á sjóinn, henda út öngli og draga einn fisk um borð? Tengja þig við raunveruleikann?“

En þetta voru ekki þannig tímar; í sögu heimsins hafði aldrei verið hagstæðara að fá lán og hugmyndin um að láta peningana vinna var Hrafn ekki framandi. Það var langt síðan hann vissi hvað pabbi hans borgaði í eina saman vexti á ári, en upphæðin á lánunum sem honum stóðu til boða gegn lágum veðum kom honum á óvart. – Og undirstrikaði ef til vill þá sérstöðu Íslendinga að hafa sömu orðin yfir lán og gæfu. (120–121)

Í tilvitnuninni er það dregið fram að peningarnir á skjánum tilheyri ekki raunveruleikanum. Peningarnir eru að viti Egils óraunverulegir andstætt fiskunum í sjónum; þeir eru efnisvana líkt og draugar. Eins kemur fram að báðir mennirnir reyna að fresta óumflýjanlegu gjaldþroti tímabundið, rétt eins og George Lutz gerir með gúmmítékkunum.

Skömmu áður hafði hann [Egill] beðið Hrafn um lán, sem myndi bjarga honum fyrir horn, kæmi í veg fyrir rannsókn á þessu og hinu og færði hann að minnsta kosti tímabundið fjær brúninni. Þegar Hrafn neitaði þóttist Egill viss um að grunsemdir sínar, sem höfðu ágerst síðan Hrafn fór í meðferð, reyndust réttar: hann hefði tapað öllu, það væri svipað ástatt fyrir þeim báðum en Hrafn væri betri í að þykjast. (122)

Hér er glæfraleg hegðun mannanna með fjármuni tengd við fíkn með því að leiða saman áfengissýki Hrafn og hugmyndir Egils um hvað þurfi til að laga fjárhaginn. Það gefur tilefni til að skoða atferlið sem sagt er frá með hliðsjón af áhættusækni fjárhættuspílarans, en efnahagslegar ákvarðanir manna

<sup>40</sup> Boðað var til fyrstu mótmælanna á Facebook 10. október, fjórum dögum eftir ávarp sem forsætisráðherra, Geir H. Haarde, flutti í beinni útsendingu í tilefni af bankahruninu.

hafa verið rannsakaðar töluvert innan taugahagfræðinnar. Þar hefur sjónum verið beint að því hvað gerist í líkamanum þegar rask verður á hagkerfinu eins og varð hérlandis við hrun. Fræðigreinin hnýtir saman rannsóknir úr hagfræði, sálfræði og taugafræði til að rannsaka hvað stýri ákvarðanatöku manneskjunnar. Þá er sérstaklega horft til líkamans, einkum taugakerfisins.<sup>41</sup>

Þær ákvarðanir sem varða efnahag öðrum þræði af geðshræringum, sérstaklega þær sem lúta að áhættuhegðun. Svo virðist sem virkni í boðrásum á milli framheilabarkar og möndlunnar skipti máli í tengslum við áhættusækni einstaklinga í fjármálum.<sup>42</sup> Það að standa frammi fyrir vali kann að kalla fram geðshræringar sem mandlan sendir á „viðeigandi staði“ í heilanum. Framheilabörkurinn sinnir svo því starfi að draga úr áhrifum geðshræringanna. Með öðrum orðum má segja að framheilabörkurinn virki eins og dempari fyrir geðshræringarnar sem mandlan hrindir af stað.<sup>43</sup> Efnafraeði ánægjunnar skiptir einnig máli í þessu tilliti, einkum dópamínframleiðsla. Hún er mikilvægur liður í að menn finni til ánægju því að losun dópamíns hefur bein áhrif á ánægjustöðvar líkamans.<sup>44</sup> Þannig má segja að grundvallarviðbrögð manna við skyndigróða séu líkamleg. Þá er rétt að bæta því við að rannsókn sem gerð var á fólki sem spilaði fjárhættuspil upp á alvöru-peninga sýndi fram á fylgni á milli virkni í umbunarkerfi heilans og hárra vinningsupphæða. Nánar tiltekið varð dópamínframleiðslan meiri eftir því sem upphæðirnar hækkuðu. Ánægjan var því beinlínis taugaviðbragð við umbuninni.<sup>45</sup> Í fjár-

<sup>41</sup> Martin Reuter og Christian Montag, „Neuroeconomics – An Introduction“, *Neuroeconomics*, ritstjóri Martin Reuter og Christian Montag, Springer: Berlín, 2016, bls. 1–10, hér bls. 1.

<sup>42</sup> Renata M. Heilman o.fl., „Emotion Regulation and Economic Decision-Making“, *Neuroeconomics*, ritstjórar Martin Reuter og Christian Montag, Berlín: Springer, 2016, bls. 113–131, hér bls. 119.

<sup>43</sup> Benedetto De Martino o.fl., „Frames, Biases, and Rational Decision-Making in the Human Brain“, *Science* 5787: 313/2006, bls. 684–687, einkum bls. 686. Þar kemur fram að viðföngin sem voru „skynsamlegri“ í hegðun í tilrauninni sem fjallaði um áhættusækni í ákvarðanatöku sýndu meiri virkni í tilteknum hluta framheilabarkarins. Einnig skiptir máli hvernig valmöguleikar eru kynntir fyrir fólki sem stendur frammi fyrir ákvarðanatöku. Þar virðist samspil möndlunnar og framheilabarkar veigamikil.

<sup>44</sup> Svæðið sem gjarnan er kallað „ánægjustöðin“ er staðsett í heilabotnskjörnum (e. *basal ganglia*) sem tilheyra randkerfinu.

<sup>45</sup> Ferlið var rannsakendum kunnuglegt, enda var losunarferli dópamínsins sambærilegt því sem hafði þegar sést í rannsókn á kókaínfíklum og þeim sem notuðu morfín í fyrsta sinn. Það merkir að örvinin sem verður þegar mönnum hlotnast skyndilegur ágóði fari fram á sömu rásum og hleypi af stað vellíðan af völdum vímugjafa á borð við morfín og kókaín. Sjá rannsókn Hans C. Breiter, o.fl. „Functional Imaging of

hættuspilum er vel þekkt að spilarar reyni frekar að vinna upp tap með því að leggja meira undir en að hætta að spila og fyrirbyggja frekara tap.<sup>46</sup> Það er sennilega engin hending að hagfræðilíkon sem spá fyrir um sveiflur og hrun á verðbréfamörkuðum eru kölluð tauganet (e. *neural networks*). Í það minnsta er athyglisvert að nafnið er líking. Það er sótt til þeirrar líkamsstarfsemi sem hæðir og lægðir efnahagsins (er línuritinn sýna) hafa sennilega mest áhrif á.<sup>47</sup> Nafnið á þar með í bókstaflegri merkingu við ákveðna hluta taugakerfis manna og því má segja að í hugtakinu rúmist allt frá frumum til samfélags enda fjallar taugahagfræði ekki síst um að greina líkingar sem taka til nytja og virðis á mörgum sviðum.<sup>48</sup> Hið líffræðilega taugakerfi ber að sínu leyti ábyrgð á sveiflunum í hagkerfinu í einhverjum tilfellum, það er að segja taugakerfi áhættusækinna einstaklinga innan fjármálageirans. Þær ákvarðanir sem hafa sennilega afdrifaríkustu afleiðingarnar fyrir hagkerfið og fela í sér áhættumat virðast ekki síst byggja á samspili möndlu og framheilabarkar.

Fíkn, neysla og áhættusækni er einkenni á persónunum í Benzinum áður en hann keyrir á. Egill er á „þriðja bjór og túnda sjússi“, áfengislyktin út úr Önnu er „[s]körp og svimandi“ og þau eru „búin að drekka of mikið“ til að taka eftir því að óvirki fíkillinn Hrafn, sem situr við stýrið, hefur keyrt í hring og „kanski fleiri en einn (10)“. Þau eru orðin rammvillt og óttinn farinn að hríslast um líkama bílstjórans:

Hann íhugaði hversu lengi manneskja myndi endast alein þarna úti á sandinum. [...] [Ó]ttinn yfir því að vera týndur þrýsti blóðinu út í húðina og kældi líkamann, fólk yrði ráðvillt, áreynslan of mikil og kerfið hristi sig í sundur á einni saman skelfingunni. (9)

Það má ímynda sér að ýmsir úr röðum íslenskra bankamanna hafi fundið fyrir svipuðum tilfinningum andartökin áður en hrúnið varð. Hrafn leggur

---

Neural Responses to Expectancy and Experience of Monetary Gains and Losses“, *Neuron* 30: 2/2001, bls. 619–639, hér bls. 634.

<sup>46</sup> Andrew W. Lo, „Fear, Greed and Financial Crisis. A Cognitive Neuroscience Perspective“, *Handbook on Systemic Risk*, ritstjórar Jean-Pierre Fouque og Joseph A. Langsam, Cambridge: Cambridge University Press, 2011, bls. 622–662, hér bls. 629.

<sup>47</sup> Sjá til dæmis E. Mine Cinar o.fl. „Neural Networks. A New Tool for Predicting Thrift Failures“, *Decision Sciences* 23: 4/1992, bls. 899–916, hér bls. 902.

<sup>48</sup> Danuta Milaszewicz, „Neuroeconomics. Genesis and Essence“, *Neuroeconomic and Behavioral Aspects of Decision Making. Proceedings of the 2016 Computational Methods in Experimental Economics (CMEE) Conference*, ritstjórar Kesra Nermend og Małgorzata Łatuszy ska, Sviss: Springer, bls. 63–77, hér bls. 73.

allt undir í lokabeygjunni í upphafi sögu, sem lesa má sem líkingu fyrir hegðunina sem hrinti af stað hruninu. Háttalag Hrafns minnir á fjárhættuspilara sem ætlar að bæta upp fyrir stórkostlegt tap með því að veðja öllu í einu til að freista þess að vinna það upp. Hann sveigir bílinn allt of langt til *hægri* með þeim afleiðingum að ungmennin skella á húsinu. Stelpurnar hvetja hann áfram með því að gala kunnuglega frasa: „við hljótum að redda þessu“ (10) og „[þ]etta á allt eftir að bjargast“ (10). Kröpp hægribeygjan snýst ekki bara um að bjarga málunum heldur einnig um að láta óttann ekki læsa klónum í sig og stúlkurnar eru kórin sem tákna þjóðina, sem í hrokafullu sakleysi lítur svo á að þetta ‚reddist‘ allt – þar að auki kunna farþegarnir að vera svólítið sjóndaprir af græðgi.<sup>49</sup>

### *Taugafraedi óttans*

Orðatiltækið „fjármálamarkaðir eru knúnir af tveimur kröftugum geðs-hræringum – græðgi og ótta“ hefur lengi loðað við Wall Street.<sup>50</sup> Fjármálamógúllinn Warren Buffett tók það mjög alvarlega og sneri á andstæðinga sína með því að vera „hræddur þegar aðrir v[o]ru gráðugir og einungis gráðugur þegar aðrir v[o]ru hræddir“.<sup>51</sup> Ræða Gordons Gekko í kvikmyndinni Wall Street (leikstj. Oliver Stone, 1987) fjallar einnig um ávinning þess að vera gráðugur. „Græðgi í öllum skilningi; græðgi í líf, peninga, ást og þekkingu er meginástæðan fyrir uppgangi mannkyns“.<sup>52</sup> Eitt af því sem einkenndi útrásarárin á Íslandi var óhóf sem fór fram úr öllu sem áður hafði sést, stjórn-

<sup>49</sup> Guðni Elísson ræðir um orð Höllu Tómasdóttur þar sem hún talar um sérstöðu þjóðarinnar í tengslum við kaup Íslendinga á dönsku keðjunni Magasin Du Nord. Hún segir að sem þjóð séum við „nógu laus við innri hindranir til að okkur detti svona lagað í hug, og höfum jafnframt það sem þarf til að láta það gerast í alvörunni. Við ‘reddum’ hlutunum.“ Sjá „Vogun vinnur ... Hvar liggja rætur íslenska fjármálahrunsins“, bls. 129. Guðni nefnir einnig að erlendur mannfræðingur hafi valið orðin *brokafullt sakleysi* þegar hann var beðinn um að segja hvað helst einkenndi þjóðina. Sama heimild, sama stað.

<sup>50</sup> Sjá til dæmis Guglielmo Maria Caporale o.fl., „Is market fear persistent? A long-memory analysis“, *Finance Research Letters* 27/2018, bls. 140–147, hér bls. 140.

<sup>51</sup> Tilvitnunina er að finna víða, enda er hún löngu orðin fleyg, sjá til dæmis grein Adams P. Brownlee, „Warren Buffett. Be Fearful when Others are Greedy“, *Investopedia*, 5. apríl 2019, sótt 3. desember 2021 af <https://www.investopedia.com/articles/investing/012116/warren-buffett-be-fearful-when-others-are-greedy.asp>.

<sup>52</sup> *Wall Street*, leikstjóri Oliver Stone, Bandaríkin: American Entertainment Partners, 1987: „Greed, in all of its forms; greed for life, for money, for love, knowledge has marked the upward surge of mankind.“

laus græðgi í anda sögupersónunnar Gekkos.<sup>53</sup> Sögusagnir gengu jafnvel um að útrásarvíkingarnir hefðu borðað gull og þær eru orðnar táknrænar fyrir hófleysi tímabilsins, sem minnir á það hvernig skrímslin mergsjúga heimilin og börnin í „þjóð“sögunum í Hálendinu.<sup>54</sup> En séu sögusagnirnar botnaðar má segja: Eftir að gullið hafði farið sína leið í gegnum meltingarfæri og iður útrásarliða, ofan í salernisskálarnar og streymt út í skólperki þjóðarinnar tók óttinn að hreiðra um sig í samfélagskerfinu.

Þegar landsmönnum var tilkynnt um hrun íslensku bankanna má segja að taugakerfi einstaklinga hafi orðið fyrir höggi um leið og efnahagur þjóðarinnar hrundi. Ræða þáverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, sem hann flutti 6. október 2008 markar ef svo má segja upphaf nýrra tíma fyrir Íslendinga því það má gera sér í hugarlund að líkamsástand þeirra hafi breyst um það leyti sem ræðan var sýnd. Þar með má einnig komast svo að orði að hrunið hafi kveikt undir miðstöðvarkatlinum – möndlunni – í heilanum, svo vísað sé til líkamsstarfs Overlook-hótelsins. Það kemur jafnan í hlut þjóðarleiðtoga að halda samfélaginu í skefjum þegar ógnir steðja að. Ræða Franklins D. Roosevelt Bandaríkjaforseta varð til að mynda heimsþekkt á augabragði í mars árið 1933 þegar hann kynnti nýja efnahagsstefnu (e. *New Deal*) sem var ætlað að reisa efnahag Bandaríkjanna úr rústum heimskreppunnar. Atvinnuleysi var í hámarki, fólk hlykkjaðist um allar götur í röðum eftir mataraðstoð og þúsundum banka hafði verið lokað mánuðina áður en ræðan var flutt. Roosevelt valdi þó ekki að hefja ræðuna á að kynna umbæturnar sem voru í bígerð, heldur hafði hann orð á óttanum sem hreiðrað hafði um sig í atvinnulausum og svöngum kroppum og sjálfsagt þeim sem biðu sömu orlaga. Orðin sótti hann til enska heimspekingsins Francis Bacon og ræðan hófst á þessum nótum:

<sup>53</sup> Geta má þess að eftirnafnið Gekko vísar til skriðdýrs, nánar tiltekið gekkóeðlunnar.

<sup>54</sup> Þegar veislan stóð sem hæst í útrásinni árið 2007 kepptust bankarnir við að gera vel við stærstu viðskiptavinum sína. Í einni boðsferð Landsbankans var um 300 manna hópi meðal annars boðið upp á risottó sem kryddað var með gulli (sem keypt var fyrir peninga almennings). Þessi saga varð vinsæl sem dæmisaga um græðgina sem viðgekkst innan ákveðins samfélagshóps rétt fyrir hrun. Það er sennilega ekki síst vegna líkingarinnar sem hún var margsögð, enda felur hún í sér hugmynd um á hverju menn nærðust í raun og veru. Auðmennirnir í frásögninni éta þannig upp krónur og aura fólksins í landinu á eins svínslegan máta og hugsast getur; með því að hræra þeim út í risottógrjón og slafra svo í sig. Og gjörningurinn virðist engan tilgang hafa haft annan en sjálft sýningargildið, því gullið var ekki einu sinni gott. „Það er bara málmbragð af því“ er haft eftir einum gestinum. Heimir Már Pétursson, „Boðið upp á gullkryddað risotto í forrétt“, *Vísir.is*, 27. maí 2009, sótt 13. nóvember 2021 af <http://www.visir.is/g/2009333536930>.

Ég hef óbilandi trú á því að við höfum ekkert að óttast nema óttann sjálfan – nafnlausan, vanhugsaðan og tilhæfulausan ótta sem lamar alla nauðsynlega viðleitni til að snúa undanhaldi yfir í framrás.<sup>55</sup>

Roosevelt lagði á þennan hátt áherslu á að landsmenn létu óttann ekki hel-taka sig. Niðurlag ræðu Geirs H. Haarde þegar fjármálakreppan skall á Ís-landi var á annan veg þó að tilgangurinn hafi sennilega verið sá sami: að sefa skelfingu lostna þjóð. Orðalag Geirs hafði þveröfug áhrif, það orkaði eins og eldsneyti fyrir óttann sem hafði læst klónum í skrokk landsmanna. „Mér er ljóst að þetta ástand er mörgum mikið *áfall* sem veldur okkur öllum bæði *ótta* og *angist*.“<sup>56</sup> Hin fleygu lokaorð ræðunnar, „Guð blessi Ísland“ minna jafnframt á ávarp forseta í bandarískri hrollvekjju þar sem stjórnvöldum er orðið ljóst að heimsendir er í nánd.<sup>57</sup> Ætla má að einhverjir áhorfendur hafi heimfært reynslu sína af kvikmyndum af þeirri gerð á hugmyndir sínar um atburðarásina sem nú færi í hönd í íslensku samfélagi; nú væri allt að fara til fjadans. Að því sögðu má geta sér þess til að ræðan ein og sér hafi verið til þess fallin að magna upp ótta og angist, jafnvel að valda áföllum meðal áhorfenda. Atburðir næstu vikna og mánaða juku jafnframt á tilfinninguna sem forsætisráðherra lagði á og mælti um, enda taugakerfi landsmanna ná-tengt hagkerfi þjóðarinnar, eins og fram hefur komið. Sem dæmi um til-finninguna sem hreiðraði um sig í samfélaginu segir í frétt í *DV* 9. október 2008, þremur dögum eftir ræðu Geirs, að „uggur og ótti“ hafi gripið um sig á meðal starfsmanna útrásarbankanna og að þeim standi til boða sálfræði-aðstoð.<sup>58</sup> Í sama blaði gefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur lesendum

<sup>55</sup> Franklin D. Roosevelt, sjá til dæmis „„Only Thing We Have to Fear is Fear itself“ FDR first inaugural address“, sótt 14. nóvember 2021 af <http://historymatters.gmu.edu/d/5057/>.

<sup>56</sup> Geir H. Haarde, „Ávarp forsætisráðherra vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamark-aði“, *Vefsíða Stjórnarráðs Íslands*, 6. október 2008, sótt 15. nóvember 2021 af <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/forsaetisraduneytid/fyrri-forsaetisradherrar/stok-raeda-fyrirum-forsaetisradherra/2008/10/06/Avarp-forsaetisradherra-vegna-ser-stakra-adstaedna-a-fjarmalamarkadi/> [skál. mín].

<sup>57</sup> Hér nægir að nefna að í endurgerð kvikmyndarinnar *Dawn of The Dead* (leikstjóri Zack Snyder, 2004) segir forsetinn: „*We will endure, we will rebuild, we will drive away the night and warm our children in the dawn of a new day. God bless you all, and god bless the United States of America.*“ [skál. mín] Þess má geta að Geir talar á svipuðum nótum og Bandaríkjaforseti uppvakningakvikmyndarinnar þegar hann segir undir lok ræðunnar: „með íslenska bjartsýni, æðruleysi og samstöðu að vopni, *munum við standa storminn af okkur*“ [skál. mín].

<sup>58</sup> Valgeir Örn Ragnarsson, „Bankafólk fær sálfræðiaðstoð“, *DV*, 9. október 2008, bls. 2–3.

ráð til að takast á við kreppuóttann.<sup>59</sup> Þetta stef er fyrirferðarmikið á síðum íslenskra dagblaða mánuðina eftir hrun.

Það getur valdið hryllilegum ótta að takast á við hið óþekkt sem gerir það að verkum að líkaminn bregst við. Í aðstæðum þar sem ógn steðjar að er mandlan útbúin til að koma til bjargar. Hún hrindir af stað óttanum, sem er gagnlegur í slíkum aðstæðum; menn berjast, frjósa eða flýja. En þegar fjárhagurinn verður til þess að mandlan fer að leiða ótta um líkamann eru þessi sömu viðbrögð, svo og aukinn blóðþrýstingur og meira adrenalínflæði um líkamann, til lítils. Við getum ekki á nokkurn stað flúið þegar fátæktin sverfur að. Ekki einu sinni í alla víðáttuna sem einkennir íslenska náttúru.

### *Náttúran sem reimleikabús*

Náttúran er gjarnan jafngildi miðaldakastala og herragarða í norrænum bókmenntum. Yvonne Leffler hefur skrifað um gotneska hefð í norrænum skáldskap en hún segir að þá hefð megi rekja aftur til fyrri hluta nítjándu aldar og fram til dagsins í dag. Leffler segir að í gotneskum sögum Norðurlanda hafi óbyggðirnar, sem í fyrstu virðast einungis vera dimmur og drungalegur bakgrunnur, komið í stað kastalans eða reimleikahússins. Hún telur landslagið því ekki síður merkingarbært en gotneska húsið.<sup>60</sup> Bókmenntafræðingurinn L. Andrew Cooper hefur sagt að hið gotneska birti okkur ofbeldið sem við sjáum, trúum á og fremjum.<sup>61</sup> Við það má bæta að Sharon Rose Yang og Kathleen Healy benda á að í gotnesku landslagi afhjúpi tiltekin einkenni þjóðfélaga. Þar birtist gjarnan pólitískar, sálfræðilegar, félagslegar, sögulegar og menningarlegar hugmyndir ríkjandi samfélagsgerðar.<sup>62</sup>

Sögusviðið er mikilvægur þáttur í *Hálendinu* eins og titillinn gefur til kynna, því að saga og menning þjóðarinnar birtist í landslaginu.<sup>63</sup> Því má

<sup>59</sup> Sama heimild, bls. 2. Í blaðinu talar Gunnar Lárus Hjálmarsson, dr. Gunni, einnig um að hafa misst þrjú kíló vegna kvíða sökum fjármálahrunsins, sbr. greinina „Með kvíðahnút á kreppukúr“, bls. 30.

<sup>60</sup> Yvonne Leffler, „Scandinavian Gothic“, bls. 587.

<sup>61</sup> L. Andrew Cooper, *Gothic Realities. The Impact of Horror Fiction on Modern Culture*, Jefferson, North Carolina og London: McFarland, 2010, bls. 207.

<sup>62</sup> Sharon Rose Yang og Kathleen Healy, „Introduction. Haunted Landscapes and Fearful Spaces – Expanding Views on the Geography of the Gothic“, *Gothic Landscapes. Changing Eras, Changing Cultures, Changing Anxieties*, ritstjórar Sharon Rose Yang og Kathleen Healy, New York: Palgrave MacMillan, bls. 1–18, hér bls. 1.

<sup>63</sup> Þess má geta að Soffía Auður Birgisdóttir hefur rætt um náttúruleysingar í *Kötu* eftir Steinar Braga í tengslum við líðan aðalpersóna í ritdómnum „Kynbundið ofbeldi - Krabbamein á þjóðarlíkama“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2015, bls. 132–136.

lýsa sem óhugnanlegri auðn inni í miðju landi, lengst frá ströndum. Þar er sandurinn erfiður yfirferðar, hann byrgir sögupersónum sýn rétt eins og þokan sem leggst yfir allt. Það er óhætt að segja að landslagið sé af gotneskum toga, ekki síst vegna þess að sögupersónur rata inn í ýmiss konar völundarhús á hálendinu og þær keyra nánast inn í gotneskan kastala. Við þetta má bæta líkamlegu og menningarlegu víddinni sem rætt hefur verið um og veldur því að landslagið í *Hálendinu* öðlast virkni reimleikahúss. Í því samhengi er einnig vert að benda á að titil bókarinnar, *Hálendið*, má túlka sem skírskotun til hálenda líkamans og þar með hæsta hluta hans, höfuðsins – og heilans. Þetta er eitt af mörgu sem höfundur nýtir til að tengja söguna reimleikahúsahefðinni. Um leið bindur hann ásóknina í landslaginu við líkamsstarf lesenda, en úrvinnsla á lestrinum fer fram á þessum sömu lendum í flestum tilfellum, það er að segja í heilanum.<sup>64</sup>

Listfræðingurinn Rachel Ziady DeLue segir að landslag sé bæði viðfangsefni og vaggja.<sup>65</sup> Að því leyti líkist það húsi; það er rými sem mótar íbúa sína og mótast af þeim. Menningin markar líka landslagið og það er nýtt óspart í gotneskum textum. Ofbeldi seytlar niður í jarðveginn í gotneskum skáldskap. Úr honum losnar þá jafnframt úr læðingi siðferðislegt myrkur sem yfirstéttirnar eða valdhafar leitast við að fela.<sup>66</sup> Hálendið í sögu Steinars Braga er ljóslega órofa hluti af menningu þjóðarinnar og birtir siðferði hennar; græðgi og ofbeldi sem viðgengist hefur kynslóðum saman – um leið og það varpar ljósi á samfélagsgerð samtímans, eða fyrsta áratugar 21. aldar. Myrkrið og óhugnaðurinn sem lúrir yfir – og undir – hálendinu eru dregin fram hvað eftir annað í sögunni og gotneskri innilokunarkennd er miðlað í gegnum landflæmið, þar sem „[s]andarnir brei[ða] úr sér allt í kringum [sögupersónur] og sjóndeildarhringurinn [er] hvergi rofinn af fjöllum eða hæðum.“ (46) Víðáttan sem engan enda tekur kann að vekja upp tilfinningu fjórmeninganna fyrir því að þeir séu inniluktir þar sem hún þjónar sama tilgangi og afmarkað og harðlæst rými, því þeir finna ekki leiðina „út“. Sögusviðið og tilfinningin sem það miðlar lýsir nokkuð nákvæmlega einu

<sup>64</sup> Einnig má nefna að sjálft reimleikahúsið birtist oft í titli kvikmynda og skáldsagna, hér nægir að nefna skáldsöguna *The Haunting of Hill House* og kvikmyndina *Rökkur* eftir Erling Öttar Thoroddsen. Á þeim nótum má lesa titilinn *Hálendið* sem skírskotun til þeirrar hefðar.

<sup>65</sup> Rachel Ziady DeLue, „Elusive Landscapes and Shifting Grounds“, *Landscape Theory*, ritstjórar Rachel Ziady DeLue og James Elkins, New York: Routledge, 2008, bls. 3–14, hér bls. 10.

<sup>66</sup> Sjá Sharon Rose Yang og Kathleen Healy, „Introduction. Haunted Landscapes and Fearful Spaces – Expanding Views on the Geography of the Gothic“, bls. 5.



helsta einkenni landsins: hinu gríðarlega víðlendi eyþjóðarinnar sem er þó einangruð. Tilfinningin sem andstæðurnar víðátta~einangrun veldur sést hvað best á þessu samtali Vigdísar og Egils:

„Kannski fengjum við innlokunarkennd ef þetta væri ekki svona,“ sagði Vigdís.

„Innilokunarkennd? Af hverju? Í fimmhundrað fermetrunum ykkar á Nesinu?“ Egill glotti og virtist njóta þess að fara í taugarnar á þeim. Hann öfundaði Hrafn af húsinu sem hann átti, af peningunum, bílunum, sumarbústaðnum á Þingvöllum, að minnsta kosti síðan hann stóð frammi fyrir því að missa allt sem hann hafði hlaðið að sjálfum sér.

„Allir Íslendingar lifa lífi sínu með hliðsjón af víðáttunni hérna uppfrá, auðninni,“ sagði Vigdís. „Líka við sem komum hingað sjaldan.“ (65)

Eyðimörkin í bók Steinars Braga er eins og glerstrendingur sem brýtur niður málefni sem varða efnahaginn og samfélagið, ekki síður en Overlook-hótelid sem er gegnsýrt af hryllilegri fortíð og felur um leið í sér ýmis kennileiti í sögu bandarísku þjóðarinnar. *Hálendið* er að sama skapi mettað af hræjum kynslóðanna sem sandur tímans hefur sópað yfir en ekki afmáð.

„Eru nokkur gljúfur hérna eða sprungur?“ sagði Anna. „Viltu ekki setja á þig belti, Egill.“

„Eða sandbleytur,“ sagði Vigdís.

„Úff. Sem við hverfum ofan í, meinarðu?“

„Já, eins og kviksyndi. Það hafa fundist hestar hérna frá miðöldum, vel varðveittir í drullunni. Og menn.“

„Jeppi væri þá sannarlega happafengur. Með fjórum farþegum, hundi, gamsum, sms-skilaboðum og tannfyllingum. Tuttugasta og fyrsta öldin stimplar sig inn til seinni tíma rannsókna!“ Þær hlógu. (12)

Í hliðstæðunni sem birtist í fararskjótunum tveimur í tilvitnuninni, hestinum og jeppanum, felst eitt af grundvallaratriðum gotnesku stefnunnar: hvernig samtíminn speglast í fortíðinni. Þá vantar bara sjálft húsið. Það liggur í augum uppi að sandarnir eru ekki hús, en þó má líta svo á að það séu smíðaðir nokkurs konar veggir utan um hálendið á fyrstu blaðsíðu skáldsögunnar.

Í bókinni er náttúran afmörkuð með fjórum svörtum veggjum, líkt og

svart húsið sem fjórmeningarnir keyra á í lok fyrsta kafla skáldsögunnar. Þegar lesendur opna bókina lenda þeir beint inni á hálendi Íslands því að landakort er á vinstri síðu. Á hægri síðu er svo upphaf fyrsta kafla, sem lýsir stemningunni í umhverfinu – sem landakortið vísar til. Sagan hefst svona „Yfir náttúrunni allri var kyrrð. Skuggarnir úti við sjóndeildarhringinn dökknuðu og urðu skarpir við himininn, runnu svo saman við nóttina.“ (7) Lýsingin á umhverfinu á hægri blaðsíðunni ásamt kortinu til hliðar vinstra megin kann að gera það að verkum að lesendur fái umsvifalaust tilfinningu fyrir innilokun sögupersóna. Þá er landakortið af hálendinu rammað af með mjórri línu á öllum hliðum þannig að þeir geta spurt sig hvort persónur sögunnar eigi eftir að komast út fyrir rammann. Með honum er sviptákni (e. *icon*) náttúrunnar settar skorður og innan þeirra eru fjórmeningarnir í *Hálendinu* pikkfastir. Þetta skýrt afmarkaða svæði hálendis Íslands er þar með í hlutverki reimleikahúss í sögunni – sem byrjar með þessu móti líklega að rísa í huga lesenda strax á fyrstu síðu. En hverjir skyldu þá draugarnir vera?

Eins og Yvonne Leffler bendir á eru þjóðsögur og staðbundnar hefðir gjarnan notaðar til að magna upp gotneskt andrúmsloft í norrænum hrollvekjum. Þannig er hið myrka sem leynist innra með aðalpersónum ýmist frá náttúrunni runnið eða hún vekur það upp, nema hvort tveggja sé. Hið illa tengist þá oftast en ekki fortíð staðarins sem teygir sig jafnvel aftur til heiðinna tíma.<sup>67</sup> Eins og nefnt hefur verið er hið liðna grafið í sandinn sem fjórmeningarnir læðast um og eitthvað óhreint er á sveimi fyrir utan húsið á hálendinu sem sögupersónur skella á. Þannig sækir fortíð landsins að með ýmsu móti í sögunni. Óvættir hennar spretta úr sagnabrunni þjóðarinnar. Tófur líkjast mönnum sem eru „skakk[ir] og hokrandi [...] á fjórum fótum“ (19) og líkjast sífellt meira skrímslum þegar líður á söguna. Þær minna á „lágvaxna, skrefstutta manneskju með handleggi sem dingl[a] afkáralega út frá öxlunum“ (227). Kvikindin láta sér ekki nægja að hringsóla í kringum sögupersónur heldur ráðast einnig til atlögu:

[H]eil hjörð af þeim, hundruð eða þúsundir kvikinda. Þær runnu út yfir sandinn eins og dimmrauður eldur [...] Þær glefsuðu í ökkjana, stukku gaggandi upp á bak hans og héngu þar fastar á klónum, klifruðu upp á herðarnar og sökktu litlu hvössu tönnunum sínum á kaf í holdið (242).

<sup>67</sup> Yvonne Leffler, „Scandinavian Gothic“, *The Encyclopedia of Gothic*, bls. 587–590.

Íslenskar þjóðsagnaskepnur eru oftast en ekki blendingar líkt og þær sem lýst er hér að ofan, nokkurs konar skrímsli sem hafa eiginleika tveggja eða fleiri dýra. Tófunar í sögu Steinars Braga minna á slíkar verur, nánar tiltekið skoffín eða skuggabaldur. Fyrrnefnda fyrirbærið er talið afkvæmi refs og kattarlæðu en hið síðarnefnda afkvæmi högna og tófu. Kvikindin ráðast bæði á búfénað og menn og sækja til annarra evrópskra skrímsla, til dæmis varúlfa, því hvorki virðist hægt að drepa skuggabaldur né skoffín nema með úthugsuðum aðferðum; engar venjulegar kúlur bíta á þau og því verða þau ekki skotin „nema með silfurhnapp eða silfurkúlu“.<sup>68</sup> Ef skuggabaldur og skoffín ná að smjúga ofan í jörðina áður en þeim er komið fyrir kattarnef dvelja þau þar í þrjú ár. Þaðan snúa þau aftur með nokkurs konar ofurkrafta því dvölin neðanjarðar ljær þeim getu til að myrða með augnaráðinu einu saman, „en sína eigin mynd“ þolir skuggabaldur þó ekki að sjá.<sup>69</sup>

Þessi kvikindi líða um náttúruna og skýrt er dregið fram í upphafi sögu að þörin tvö eru föst í henni eins og í völundarhúsi. Anna man til dæmis ekki „hversu lengi þau höfðu verið á ferðinni. Ferðalagið hafði gleypst hana í einum bita *eða öfugt*.“ (55) Hið ytra verður óaðgreinanlegt frá því sem bærast hið innra og þau eru jafnvillt í eigin líkama sem á söndunum og í einhverjum skilningi tekur hálendið sér bólfestu í ferðalöngunum; það birtist til dæmis í því að sandurinn smýgur inn um vitin og lokar þau inni með sjálfum sér. Þókan lúrir yfir og skuggarnir gefa umhverfinu óhugnanlegan blæ. Eins og Vigdís orðar það „veldur [auðnin] svima, maður spólar bara í hringi.“ (185) Þau eru eins og Hans og Gréta, litla fjölskyldan í *The Shining* og Björg í *Húsinu*; þau finna ekki leiðina heim því „[e]kkert sást af stikunum eða slóðinni“ (12) og GPS-tækið hætti að virka. Hrafn, Egill, Vigdís og Anna eru þannig „[t]ýnd í þoku, eins og í ævintýrunum.“ (10) Svöngu börnin tvö reyna að rekja slóðina aftur til pabba, fjórmeningarnir reyna að feta sig aftur að Öskju – hringlaga dyngjan sem er full af vatni birtir jafnframt einhvers konar hugmynd um uppruna – en vindurinn feykir sandinum sífellt í spor þeirra. Þá má hugsa sér að sprengigígurinn Víti tákni endalokin; hvorugt er til án hins. Umhverfið dregur fram allar verstu tilfinningar fjórmeninganna og þeir finna til lamandi ótta og kvíða en það er engin leið fyrir þá að komast burt, ekki frekar en aðrar sögupersónur sem ramba inn í reimleikahús.

<sup>68</sup> Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson, *Íslenskar kynjaskepnur*, Reykjavík: JPV, 2008, bls. 35. Vísað er til lýsingar Jóns Árnasonar, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, ný útgáfa 1-6, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga og Prentsmiðjan Hólar Hf., 1980.

<sup>69</sup> Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson, *Íslenskar kynjaskepnur*, bls. 36.

*Heilinn í landinu*

Líffræðileg viðbrögð sögupersóna við hruninu – og fleiri áföllum – birtast í gotneskri náttúru *Hálendisins*, sem minnir á hvernig líkamsstarf sögupersóna endurspeglast í byggingunum sjálfum.<sup>70</sup> Því má segja að landslagið í *Hálendinu* feli í sér anatómíu óttans.<sup>71</sup> Heilastarf sögupersónanna sem keyra þar um endurspeglast í náttúrunni undir fótum þeirra; hún birtir ótta þeirra og verstu minningar. Eða eins og segir í sögunni: „Hálendið er eins og hljómbotn fyrir hverja einustu hugsun“ (65) fjórmenninganna. En jafnvel þótt þau ferðist saman um í bíl er hvert þeirra stadd á sínu eigin hálendi, (í eigin heilabúi).

Sjónum lesenda er beint innvortis strax í upphafi bókarinnar. Þar fer atburðarásin að mestu fram innan frumveggja og mannabeina. Rétt áður en Benzinn keyrir á kaf inn í húsið á hálendinu stingur Anna upp á því að þau fari í leikinn „[é]g hugsa mér hlut“. Hrafn spyr: „Hvað áttu við með hlut? Ef ég hugsa mér samvisku mannsins þíns hérna eða blóðið, væri það gilt?“ (7) Lesendum er með þessum orðum gefin bending um að hirða ekki um hefðbundin mörk á milli þess ytra og innra á blaðsíðunum sem á eftir koma. „Blóðið er með núna“ (13) er svo fyrsta hugsun Hrafns þegar hann sér „Egil slengjast utan í rúðuna sín megin [og] rautt streyma niður andlitið“ (13) eftir áreksturinn. Hugsun hans má lesa sem frekari staðfestingu á að líkamsstarfsemin skipti máli í frásögninni.<sup>72</sup> Skyggnið er slæmt á söndunum og fjórmenningarnir reika um í rauðleitu kófi eins og maður gæti ímyndað sér útsýnið innan líkamans. Yfirleitt er dimmt en í þau skipti sem sést til sólar er það þegar hún „glampar af gluggunum“ (89) eða „af bílnum“ (82). Það mætti hugsa sér að glampinn frá sólinni sem skín af glansandi yfirborðinu líktist

<sup>70</sup> Geðshræingar Jacks Torrance í *The Shining* birtast til dæmis í miðstöðvarkatlinum í Overlook hótelinu og í *Húsinu* eftir Egil Eðvarðsson birtist tráma aðalpersónunnar myndrænt í byggingunni. Um þetta hef ég skrifað í greininni „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“.

<sup>71</sup> Hér skal minnt á að Stanley Kubrick notar myndmál úr líkamanum í kvikmyndaaðlögun *The Shining* (1980) til að sýna hvernig heili Jacks og Overlook-hóтелиð renna saman, til dæmis með því að ljá hótelinu æðakerfi þegar blóðið rennur um ganga þess.

<sup>72</sup> Hugurinn tekur á sig ýmsar myndir í verkum Steinars Braga. Í skáldsögunni *Kötu* er hann bundinn annars konar rými þar sem hann birtist sem dúkkuhús, sem tákn fyrir kúgun kvenna að ibsenskum hætti. Það hafa bæði Björn Þór Vilhjálmsson og Einar Kári Jóhannsson bent á. Smækkaður heimurinn í dúkkuhúsinu birtir einnig hugarstarf aðalpersónunnar, Kötu, í þeim skilningi að húsið og það sem gerist innan veggja þess er líking fyrir huga og hugarstarf hennar. Sjá Einar Kári Jóhannsson, „Heimatilbúið réttarkerfi“, bls. 146 og Björn Þór Vilhjálmsson, „Stríð gegn konum“, bls. 135–136.

Því þegar ljósgeislar brotna í augasteininum og falla á sjónuna. Gluggarnir eru þá eins og gáttir á milli tveggja rýma, þess innra og ytra. Það sama má segja um augun sem eru gáttir fyrir ljósboð að utan inn að sjóntauginni (sem flytur boðin til heilans sem túlkar þau). Þá flækjast sögupersónur um fornan jarðveginn sem kann að líkjast heilaberki: „völundarhús úr þornuðum leir og drullu [...] sundurskorinn af sprungum, þversprungum og gljúfrum“ (231). Þá dregur ekki úr að lesendur eru minntir á það hvað eftir annað að fjórmenningarnir eru eins og staddir innan „veggja“ líkamans, ekki síst með „frumu“ myndmáli sem er viðhaft um landslagið:<sup>73</sup>

Ofan af hæðinni sáu þau vítt í kringum sig. Sandarnir breiddu úr sér dimmir og sléttir, og sjóndeildarhringurinn var hvergi rofinn nema í suðvestri þar sem landið reis og varð að fjalli. Í sitt hvorum enda fjallsins voru ávalar bungur svo að það líktist *frumu* [sem] var í þann mund að klofna í tvær. (77)

Frumurnar fjölga sér og breyta lífrænni náttúrunni á meðan persónur ferðast um í dökkrauðu myrkri (253) þar sem *frumufjall* rís (77) innan um „sandöldu[r] og hrygg[i]“ (42) sem bylgjast líkt og „úfið haf“ (195). Jafnvel veðrið tekur á sig mynd líkamsstarfsins og er þar að auki tengt þeim hlutum þess sem hafa með tilfinningalífið að gera. Þetta birtist í upplifun Egils af hálendinu sem líkist áfallastreituröskun hermanna þar sem hann stendur og pissar, staddur í rústum af vinnubúðum sem minna á Kárahnjúka.

Hann hafði skýra og skarpa tilfinningu fyrir því að hárin á líkama hans stæðu upp á endann; sem gamall, særður hermaður hefði hann án efa heyrt hvína í byssukúlunni í höfðinu, verkjað í framheilann, misst stjórn á sér jafnvel og tekið upp á því að skjóta alla í kringum sig. — Já, nú þegar hann hugsaði um það virtist slíkt liggja beint við í *taugaveðri* eins og þessu.

Hann [...] sá kófið mildast og taka á sig rauðleitan blæ, kornin snúast hvert um annað og hvískra leyndarmál sín um sólina í miðju jarðar, flekana sem runnu hver upp á annan eins og friðlausir drekar. (117–118)

<sup>73</sup> Höfundur ýtir einnig undir þá túlkun að líkaminn sé völundarhús utan um líkamsstarfsemi eins og taugaboð með því að vísa í goðsögnina af Mínotárunum í umfjöllun um flogaköst Hrafnis: „í eitt skipti líkti hann þeim [flogaköstunum] við Mínotárin, hálfan mann, hálf dýr, lokað inni í völundarhúsi byggt af Mínosi konungi utan um skömm sína.“ Steinar Bragi, *Hálendið*, bls. 138.

Með skáletruninni „*taugaveðri*“ beinir Steinar Bragi athygli lesenda að orðinu og merkingaraukum þess, sem hann setur í samhengi við heilann. Þannig mætir virkni náttúrunnar líkamsstarfinu í tilvitnuninni, nú í tengslum við drekana sem spúa eldi í því sem virðist vera fljótandi hraun. Þeir minna á frumstæða hluta heilans, sem gjarnan er vísað til sem „drekans“. Drekar eru tveir í heilanum, líkt og flekarnir í tilvitnuninni. Þeir eru hluti af randkerfi heilans ásamt möndlu og undirstúku.<sup>74</sup> Drekarir taka við skilaboðum frá möndlunni og hjálpa okkur til dæmis að greina hvort við stöndum frammi fyrir ógn og hvort grípa þurfi til aðgerða, en það reyna sögupersónur *Hálendisins* að meta nánast alla frásögnina. Þessu ástandi lýsa orð Vigdísar sem leitar svara hjá einum af íbúum hálendisins: „Við erum ekki reið við ykkur, við erum hrædd! Við viljum bara fá að vita hvað er að gerast!“ (220) Ótti getur valdið því að þeir sem upplifa hann „frjósa“ og „lamast“.<sup>75</sup> Þannig eru viðbrögð Önnu við ógninni undir lok sögu holdgerð í líkama hennar, en það er óhætt að segja að hún frjósi á vægast sagt óhugnanlegan hátt þegar hún er svipt skynfærum og getunni til að tjá sig. Hún verður blind, mállaus, heyrnarlaus og fullkomlega getulaus. Klippið hafði verið framan af tungu hennar, einhverju hafði verið stungið í augu hennar, „fingurnir höfðu verið klipptir af niðri við handarbakið“ og hún heyrði ekki neitt þó að Vigdís „hrópaði inn í eyrun“ (218). Anna speglar líklega ástand ýmissa meðal almennings dagana eftir hrun. Hún er einnig tákngervingur þess sem gengið hefur verið á, ekki síður auðlinda en einstaklinga því „Anna var eins og náttúran, [...] blind, heyrnarlaus og mállaus“ (221).

Líkandi hálendisins og randkerfisins í heilanum birtast ekki síst í eldstöðinni Öskju í Dyngjufjöllum, sem ferðalag söguhetjanna hverfist um.<sup>76</sup>

<sup>74</sup> Sjá til dæmis Rand S. Swenson, *Review of Clinical and Functional Neuroscience*, sótt 8. nóvember 2021 af [http://www.dartmouth.edu/~rswenson/NeuroSci/chapter\\_9.html](http://www.dartmouth.edu/~rswenson/NeuroSci/chapter_9.html).

<sup>75</sup> Undir- og hliðarhluti (e. *basolateral*) möndlunnar og framennisblað (e. *prefrontal cortex*) eru samtengd svæði sem virðast vera mikilvæg í tjáningu óttaminnna. Úrvinnsla verður í gagnvirkri vörpun á milli svæðanna sem veldur viðbrögðunum. Carl W. Stevenson, „Role of amygdala–prefrontal cortex circuitry in regulating the expression of contextual fear memory“, *Neurobiology of Learning and Memory* 96: 2/2011, bls. 315–323, hér bls. 315.

<sup>76</sup> Steinar Bragi hefur fjallað um frumstæða heilastarfsemi í skáldsögum sínum. Í *Himninum yfir Þingvöllum* útskýrir sögupersónan Boppi til dæmis að „drifkraft heimsögunnar sé að finna í því hvernig hvatirnar teygi „klær sínar“ út úr „skriðdýrsheilnum“ og inn í „finleg[an] útsaum síðmenningarinnar“. Steinar Bragi, *Himninum yfir Þingvöllum*, Forlagið, Reykjavík, 2009, bls. 113. Björn Þór Vilhjálmsson ræðir sérstaklega um dauðahvötina í „Dögum þagnar“ í tengslum við síðverk Freuds. Sjá, „Skrif við núllpunkt“, bls. 149.

Rétt fyrir áreksturinn í upphafi sögu voru fjórmeningarnir á leið frá eldstöðinni sem tugþúsundum ára fyrr spýtti út úr sér sandinum sem umlykur þá. Eitt stærsta öskugosið í sögu Íslands kom úr Öskju árið 1875. Gosið olli miklum fólksflutningum því að íbúar Austurlands streymdu til Vesturheims vegna eldfjallaöskunnar sem féll frá gosinu. Þá myndaðist Öskjuvatn og sprengigígurinn Víti.<sup>77</sup> Eldgos eru nokkurs konar kælíbúnaður jarðar sem færir heita kviku úr iðrum hennar upp á yfirborðið; eða svo vísað sé til íslenskrar orðabókar: „útrás bergkviku úr jarðskorpunni“.<sup>78</sup> Með þessa virkni að leiðarljósi er freistandi að líkja eldstöðinni við möndluna í heilanum<sup>79</sup> Í mjög einfölduðu máli safnast áreiti upp í möndluna sem sendir það á rétta staði í heilanum svo að unnt sé að hleypa „upp á yfirborðið“ viðeigandi viðbrögðum. Hún er því nokkurs konar „eldstöð“ ótta, reiði og áfallaminnnga og getur gosið við tiltekið áreiti. Eldstöðvar á borð við Öskju myndast þannig að kvikuþróin sem er „stórt rými djúpt í jarðskorpunni [...] fyllt bergkviku [...]“<sup>80</sup> tæmist gjarnan með sprengigosi og þá sígur fjallið saman vegna þess að þakið yfir kvikuþrónni fellur niður. Það breytir landslaginu þannig að til verður sigketill eða askja.<sup>81</sup>

Það sem hefur fengið að lúra óáreitt í neðri hluta heila sögupersóna og tengist fortíð þeirra kemur smám saman upp á yfirborðið í *Hálendinu*. Á svipaðan hátt þröngva eldgos einnig fortíðinni upp á yfirborð jarðar því að ævaforin „[s]andarnir eru til dæmis flestir komnir innan úr jörðinni í eldgosum“ (32). Sandarnir eru komnir úr kvikuþró eldstöðvanna. Það er ekki ólíkt því er mandlan í neðri lögum heilans hrindir af stað minningum um áföll. Sandarnir eru í líkingaskilningi eins og áföll úr æsku eða ótti sögupersóna sem

<sup>77</sup> Minna má á að í kjölfar efnahagshrunsins fluttu landsmenn í auknum mæli úr landi.

<sup>78</sup> „eldgos“, *Íslensk orðabók*, ritstjóri Mörður Árnason, Reykjavík: Edda útgáfa, 2007, bls. 186.

<sup>79</sup> Simon Baron-Cohen, *The Science of Evil*, New York: Basic Books, 2011, bls. 40–41. Baron-Cohen vísar í Joseph E. LeDoux sem staðsetur möndluna miðlægt í óttakerfi heilans. Sjá Joseph E. LeDoux, *The Emotional Brain. The Mysterious Underpinnings of Emotional life*, London: Weidenfeld, Nicholson, 1998, bls. xii. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir ræðir um skriðdýrshelann í greininni „yfrin tól / fútúr gól“. Nokkur orð um Tourette og ljóðlist“, sem birtist í *Ritinu* 1/2019, bls. 289–306, hér bls. 293.

<sup>80</sup> „kvikuþró“, *Íslensk orðabók*, bls. 563.

<sup>81</sup> Myndrænt má sjá möndluna fyrir sér sem öskju (möndlulaga hvelvingu) eins og rætt hefur verið í tengslum við hugmyndir Abrahams og Török. Þó að LeDoux hafi varað við því að menn sæju möndluna fyrir sér sem „óttastöð“ er hugmyndin ennþá við lýði eins og fram hefur komið og því ekki fjarri lagi að líkingin við eldstöðina sé viðhöfð í skáldskap.

áreksturinn (eða áfallið við hrunið) hrinti af stað. Það segir kannski líka sína sögu um ferðalagið að mandlan hefur áþekka lögun og gígurinn Víti.

Sandurinn sýnir auk þess tilfinningalíf sögupersóna á grafískan hátt. Í sögunni er það gefið myndrænt til kynna að sandarnir birta innri hræringar þeirra sem um þá fara. Lögun þeirra kann að minna á heilabylgjur, sem stjórnast meðal annars af öldugangi í verðbólgu- og gjaldeyrispám á tímum efnahagsþrenginga. Á þennan hátt upplifir Vigdís það hvernig líkaminn verður óaðgreinanlegur frá umhverfinu.

Smám saman var eins og niðurinn og hvíslið væri líka í henni sjálfri, beinunum og vöðvunum og litla heilanum hennar, raka, gráa klumpinum sem hún færði yfir sandana. Á tímabili fannst henni eins og þau gengju um úfið haf, sandurinn bylgjaðist og hana sundlaði af stöðugum niði vindsins við eyrun, sandurinn stíflaði nefið og safnaðist í augnkrókana og munninn (195).

Línuritir eru sem teiknuð í eyðimörkina því að í tilvitnuninni er sandinum líkt við haf og lögun hans lýst með orðinu „bylgjaðist“. Sandarnir hafa þar að auki bein áhrif á taugar sögupersóna því að „hvíslið í sandinum gat verið taugatrekkjandi og þögnin jafnvel verri.“ (176) Ef sandarnir birta heilabylgjur sögupersóna má spyrja hvað þögnin merki; er hún kannski jafngildi beinnar línu á heilalínuriti? Það má einnig sjá öldutoppa í tilfinningalífi Vigdísar í jarðveginum á fjöllum. Hvellurinn við áreksturinn (hrunið) vekur upp minningar um hliðstætt áfall í lífi hennar. Hún rifjar upp bílslysið sem varð móður hennar að bana og óþægilega drauma um „höggið þegar [mamma hennar] skall á bílnum“ (42). Í framhaldi af hugsuninni breytist jörðin undir henni sjálfri, nokkurn veginn í takt við taugavirknina. „Hún greip um stólbakið. Vegurinn hafði verið að versna, var orðinn þéttari í sér, holóttari og hastari.“<sup>82</sup> Samhliða koma fram ytri merki um aukna taugavirkni í líkama Vigdísar:

[Hún] beit saman tönnunum til að þær hættu að glamra. Út um gluggann sá hún að slóðin fylgdi landslaginu þar sem það var grýttast og mest um mól en sneiddi hjá sandöldum og hryggjum sem núna voru báðum megin við bílinn. Þau keyrðu yfir þvottabretti, ofan í tvær þjár djúpar holur, þar til þungt högg kom á bílinn. (42–43)

<sup>82</sup> Sama heimild, sama stað.



Glamrandi tennurnar og bíllinn sem titrar á leið sinni yfir sandinn sýna hvernig heilavirknin endurspeglast í náttúrunni.<sup>83</sup> Það er ekki síst með þessu móti sem virkni reimleikahússins kemur fram í landslaginu. Birtingarmynd heilastarfs sögupersóna minnir á það hvernig Jack Torrance í kvikmynd Kubricks eigrar um í völundarhúsinu (eða eigin heilabúi) þar til hann situr fastur í því miðju í sögulok. Endalok sögupersóna *Hálendisins* eru á svipaðan veg.

Eftir töluverðan flækning um hálendið, sem virðist hrinda þeim sífellt fjær áfangastaðnum, leiðir „völundarhúsið“ sögupersónur undir yfirborð jarðar – rétt eins og þau væru þjóðsagnaskepnurnar skoffín og skuggabaldur: „[þ]ar sem gljúfrið rétti úr sér sáu þau stórt op á miðjum klettaveggnum, og mótaði fyrir vegi sem lá skáhallt niður í gljúfrið og að opinu. [...]. „Frárrennslisgöng eða hvað það heitir.““ (176)<sup>84</sup> Göngin sem hlykkjast um neðri lög hálendisins minna á neðanjarðarkerfi sem áður hafa verið rædd; holræsa-kerfið sem skrímslið – eða forsöguleg illskan – ferðast um í *It* eftir Stephen King. Þaðan skýtur hún sér upp á yfirborðið á tuttugu og sjö ára fresti, sem er heldur lengri tími en tófuþendingarnir dvelja í neðra. Svipað myndmál birtist í pípulögnunum í *The Shining* sem bera óværu á milli hæða á hótelinu (og speglast í heila Jacks).<sup>85</sup> Persónur *Hálendisins* ná þó ekki að kveða niður ógnina sem að þeim steðjar eins og söguhetjurnar í fyrrgreindum skáldsögum Kings (virðast) gera í sögulok, heldur eru örlög þeirra óhjákvæmilega þau að feta í fótspor fyrri kynslóða og smjúga ofan í grunninn – verða að undirstöðunum sem gegnsýra landið.<sup>86</sup> En úr hverju skyldu stoðirnar vera gerðar?

<sup>83</sup> Þess má geta að við lesturinn um viðbrögð Vigdísar skullu tennurnar saman í munnholi þeirrar sem hér skrifar, en það kallast á við hugmyndir Antonios Damasio og Vittorios Gallese sem ræddar verða síðar í greininni. Segja má að geðshræringar Vigdísar hafi fundið sér farveg inn í heiminn sem við köllum alla jafna veruleikann í gegnum líkama (eins) lesanda.

<sup>84</sup> Ferðalagið um miðju landsins minnir einnig svoltið á *Leyndardóma Snæfellsjökuls* eftir Jules Verne, jökullinn leiðir söguhetjur niður í jörðina þar sem þeim mæta forsögulegar skepnur.

<sup>85</sup> Lagnakerfi eru reyndar sérstaklega gotnesk fyrirbæri því um þau berst alls konar úrgangur; nánar tiltekið það sem menn vilja sjaldnast að aðrir sjái.

<sup>86</sup> Í skáldsögunni *Doctor Sleep* eftir Stephen King er Overlook-hótelíð reyndar ennþá að ásækja Danny, þó að rúm þrjátíu ár séu liðin frá því að það sprakk í loft upp í *The Shining*. Jafnframt er ljóst að Danny er sem dæmdur til að endurtaka líf föður síns og afa að einhverju leyti því hann vinnur sem sjúkraliði á líknardeild, en Mark, afi hans, var hjúkrunarfræðingur. Hann glímir einnig við alkóhólisma eins og bæði faðir hans og afi og áfengið er flótti frá minningum og fortíðardraugum sem ásækja Danny.

*Fjölskyldu, „húsið“*

Reimleikahúsið er staðurinn þar sem fortíðin og samtíminn renna saman. Í sögu Steinars Braga eru sögupersónur sem dæmdar til að endurtaka söguna, fallið er ekki síst fólgið í illsku fyrri íbúa og mistökum; lélegum undirstöðum. Húsið sem fjórmenningarnir keyra á er eins og Hæðarhúsið í skáldsögu Shirley Jackson *The Haunting of Hill House* að því leyti að það minnir á erfðafni þeirra sem hafa búið þar. Það birtir líffræði og erfðir hlið við hlið á þann hátt að hin tvöfalda merking hússins, heimili og ættbogi, kemur fram í smíði hússins á hálendinu. En húsið í þessu tilfelli tákna ekki bara ætt, heldur er ættin í húsinu jafnframt sjálf þjóðin. Gotnesku þemun sem fram koma í *Hálendinu* fjalla því um skömm og misvel falin leyndarmál í sögu þjóðarinnar; fjármálahrun sem hugsanlega tengist ættarsögunni og blóðskömm.

Sprengigígsgosið sem myndaði Öskju og Víti á sér hliðstæðu í hvellinum sem verður við áreksturinn í sögunni. Hann breytir fyrri mynd hússins; skilur eftir sig gat á því og hleypir þar með gömlum og gröfnum (fjölskyldu) leyndarmálum út. Húsið sjálft „sem þau [fjórmenningarnir] höfðu keyrt inn í“ (14) minnir á Usher-húsið í smásögu Poes, „Endalok Ushers-ættarinnar“ og dulsmálin sem það geymir eru af svipuðum toga, en sögumaðurinn veltir vöngum yfir líkindum Usher-fjölskyldunnar og hóbýlum þeirra. Hann segir:

Ég hafði einnig fræðst um þann einkennilega sannleika að ættarstofninn sjálfur, þótt hann hefði ávallt notið virðingar, hefði aldrei borið neina varanlega grein; eða með öðrum orðum að ættin var öll beinn ættleggur og hafði ávallt verið það. [...]

Þegar ég hugsaði um það fullkomna samræmi sem ætti sér stað milli útlits hússins og umhverfisins á aðra hlið og skapferlis ættarinnar á hina og hvaða möguleg áhrif hvort um sig hefði getað haft á hitt kom mér til hugar að þessi skortur á fjarskyldari ættingjum og hin ófrávíkjanlega arftaka sonar eftir föður, bæði á nafni og eignum, hefðu með tímanum myndað svo náð samband milli eignar og eigenda að hvorutveggja hefði verið gefið nafnið „Usher húsið“, nafn sem hafði tvenns konar merkingu; því að í hugum bændanna sem notuðu það þýddi það bæði húsið og ættina.<sup>87</sup>

<sup>87</sup> Edgar Allan Poe, „Endalok Ushers-ættarinnar“, *Íslenskar smásögur. IV. bindi*, þýðandi Guðmundur Árnason, ritstjóri Kristján Karlsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1984, bls. 37–64, hér bls. 39–40.

Í tilvitnuninni kemur fram að sögumaður hefur nokkrar áhyggjur af því hversu lengi ættin hefur verið í samneyti við húsið; eða kannski öllu heldur, hversu lengi sífjaspell hafa átt sér stað innan hússins/ættarinnar. Það er líka óvíst hversu náíð samband systkinanna Rodericks og Madeline er. Það sama gildir um húsið í skáldsögu Steinars Braga, þar býr gamalt og kræklótt fólk, Kjartan og Ása, sem fjórmeningarnir telja fyrst að séu hjón. Annað kemur þó á daginn. Þau reynast vera aldeilis blóðskyld því hinir pervisnu og kræklóttu íbúar „kastalans“ eru feðgin. Ása er dóttir Kjartans – og systur hans. Hús Steinars Braga vekur jafnframt óþægilegar tilfinningar sögupersóna, því að Anna segir: „Það er eitthvað viðbjóðslegt við þetta hús.“ (71) Sömu tilfinningu vekur hús Ushers með ónefndum sögumanni Poes þegar hann lítur það fyrst augum, það veldur því að „helkuldahrollur gagnt[ekur] hjarta [hans]“ og hann verður óvenjulega dapur.<sup>88</sup> Sprunga sem sögumaður greinir varla með berum augum í sögu Poes stækkar heldur eftir því sem frá líður og veldur að lokum hruni hússins og þar með ættarinnar. Gróft gatið í húsinu sem fjórmeningarnir stíma inn í verður ekki til þess að það hrynji bókstaflega en áreksturinn veldur því að fjórmeningarnir sökkva ofan í jarðveginn – sem jafngildir kannski tjörninni við hús Usher-ættarinnar sem gleypir rústir þess í sögulok.

Ásýnd hússins í *Hálendinu* segir líka sína sögu um fortíðina sem það stendur fyrir. Það hefur kannski ekki útlitseinkenni manna eins og glottandi Amityville-húsið eða Hæðarhús Shirley Jackson sem felur „brjálað andlitið“<sup>89</sup>. En það orkar þannig að utanaðkomandi geti illa komist inn. Og hugsanlega er nokkur „skortur á fjarskyldari ættingjum“<sup>90</sup> í húsinu á hálendinu eins og í Usher-húsinu. Svart húsið á svörtum sandinum „var læst og varið eins og kastali“ (207), „[þ]að hefur verið múrað upp í gluggana á neðstu hæðinni, [en sést] ennþá móta fyrir þeim.“ Tröppunum „hefur verið hlaðið fyrir gömlu dyrnar til að hækka innganginn“ og „[þ]að er ekki eitt einasta op á neðstu hæðinni nema þar sem jeppinn keyrði inn í vegginn. Gömlu hjónin [Kjartan og Ása] virðast hafa búið sér til lítinn kastala. Það vantar bara síkið“ (64). Um harðlæst húsið hlykkjast hið liðna sem endurómar inn í samtímann, ekki ólíkt hugmyndum Kings um „nokkurs konar yfirskilvitleg[ri] kvikmyndasýning[u] – endurvarp liðinna radda og mynda sem væru slitur úr liðnum atburðum.“<sup>91</sup> Anna kemst að hinu sanna um íbúa

<sup>88</sup> Edgar Allan Poe, „Endalok Ushers-ættarinnar“, bls. 37–38.

<sup>89</sup> Shirley Jackson, *The Haunting of Hill House* [mobi], New York: Penguin, bls. 56.

<sup>90</sup> Edgar Allan Poe, „Endalok Ushers-ættarinnar“, bls. 40.

<sup>91</sup> Stephen King, *Danse Macabre* [mobi], bls. 297.

hússins þegar hún rannsakar bókasafn heimilisins. Bókasafnið er mikilvægt rými í skáldsögum og kvikmyndum um reimleikahús. Þar er saga hússins/ættarinnar geymd – eða fjölskyldusagan – eins og í *The Haunting of Hill House* eftir Shirley Jackson. Bækurnar í húsinu í *Hálendinu* láta einnig sitt-hvað uppi um grunninn sem sjálfsmynd íbúa þess byggir á – nokkurs konar „endurvarp liðinna alda“ svo vísað sé til orða Kings hér að ofan:<sup>92</sup> „Í einni hillunni voru íslenskar bækur eftir dr. Helga Pjeturss, Sigurð Nordal, Alexander Jóhannesson, þýðingar á Hómerskviðum og skáldsögur eftir Einar H. Kvaran og Gunnar Gunnarsson.“ (110–111) Það er gjarnan kvenhetjan sem grefur upp leyndarmálið sem býr að baki hryllingi sögunnar og það á Anna sameiginlegt með fleiri konum sem lokast inni í gotneskum reimleikahúsum.<sup>93</sup> Í þriðja og síðasta bindi bókarinnar *Íslenskir viðskiptamenn* finnur hún umfjöllun um eiganda hússins, Kjartan Aðalsteinsson. Af bókinni að dæma tilheyrði hann forréttindaaðli landsins sem hafði verið valdamikill

<sup>92</sup> Guðni Elísson veltir upp þeirri spurningu „hvort finna megi eitthvað í rótgróinni sjálfsmynd Íslendinga sem skýrt geti þá orsakabætti sem leiddu til hrunsins“, til dæmis vegna þess að orðræða íslensku útrásarinnar er sött í miðaldabókmenntir. Hann telur að líklega megi rekja þessa „sögusýn til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og þjóðernisskilnings sem birtist í ljóðlist rómantísku skáldanna og útrásarskálda íslenskrar nýrómantíkur sem upphöfu ofurmennið í ljóðum sínum. Einnig má nefna sögulegar skáldsögur Gunnars Gunnarssonar frá árunum milli heimsstyrjalda og *Íslenska menningu* Sigurðar Nordal“ (Sjá „Vogun vinnur ... Hvar liggja rætur íslenska fjármálahrunsins“, bls. 123.) Um útrásina og orðræðu hetjubókmennta miðalda skrifar Guðni í greininni „Staðleysan Ísland og mýtan um okkur sjálf“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2009, bls. 10–25. Steinar Bragi vinnur einnig með miðaldahetjurnar, til dæmis minnir Hrafn á víking í ímynduðum slagsmálum sem endurspeglar að einhverju leyti sjálfsmynd útrásarliða á írónískan hátt: „Hann virtist geta hlaupið eins hratt og lengi og honum sýndist, stökk upp í loft og sveiflaði ósýnilegri exi, rak hana í kaf í höfuð frá hlið; bætti við afvegaleiðandi hliðarsporum, stökk og sveiflaði exinni þannig að hún kæmi beint ofan í höfuð andstæðingsins, klyfi höfuðið þráð-beint niður, og í eitt skipti staðnæmdist hann alveg, fylgdi exinni niður í gegnum höfuðið, niður búkinn og á kaf í jörðina þar sem hann skildi hana eftir.“ Steinar Bragi, *Hálendið*, bls. 239.

<sup>93</sup> Minna má á heimildaleit kvenkyns sögupersóna í sögum gotneska höfundarins Ann Radcliffe. Hlutverk blaðamannsins Önnu er tvíbent því annars vegar miðlar hún skökkum upplýsingum til lesenda svo að þeir bítu á agn útrásarinnar og hins vegar er hún helsti rannsakandi sögunnar. Þessari tvöfeldni eru gerð skil á írónískan hátt í heiti 7. kafla sem hverfist um rannsókn Önnu, en kaflinn kallast: „Myndin af fall-ega fólkinu“ (bls. 54) sem kann að vekja upp hugrenningatengsl við myndabætti í tímaritum á borð við *Séð og Heyrt* sem var fremur sýnilegt á fyrstu árum 21. aldar. Rannsóknarvinna Önnu leiðir vissulega í ljós sannleikann um fortíðina og uppruna hennar, en verður þó ekki til þess að hún losni úr fangelsinu heldur fremur að hún neyðist til að horfast í augu við sjálfa sig í einhverjum skilningi.

kynslóðum saman. Í sögunni er ítrekað lögð áhersla á erfðir meðal annars í gegnum umfjöllun um líftækni.

Líftæknin hefur lengst af fylgt hrollvekjuni og þá sérstaklega þeirri tegund hennar sem tengist vísindaskáldskap, en tvö þekktustu brautryðjenda- verk í líftæknibókmenntum eru hrollvekjur frá níjtjándu öld, *Frankenstein* eftir Mary Shelley og *The Island of Dr. Moreau* eftir H. G. Wells.<sup>94</sup> Persóna Kjartans sækir ýmislegt til erkitýpískra illmenna bókmennta- og kvikmynda- sögunnar, hann er brjáláður vísindamaður í anda dr. Moreaus. Í skáldsögu Wells kom fyrst fyrir nýyrðið mannblendingur eða genaskeytt dýr (e. *humanized animals*). Bókin fjallar um siðferðisleg mörk tilrauna í forvitnisskyni og fékk lesendur til að velta fyrir sér hver aðgreiningin á milli manna og dýra væri. Hinn illi dr. Moreau skapar flokk af skelfilegum og vansælum „skrímslum“ sem eru hálfir menn og hálfar skepnur.<sup>95</sup> Í þessu samhengi má geta sér þess til að Kjartan Aðalsteinsson hafi eitthvað með blandaða gerð tófanna á hálendinu að gera. Hugsanlega eru þær erfðafræðileg skrímsli fremur en blendingar af náttúrunnar hendi. Í húsinu eru að minnsta kosti leifar af sjúkum tilraunum hans:

Fyrsta herbergið var fullt af pappakössum sem höfðu morknað í sundur og innihaldið runnið út á gólfíð – ljósmyndir af hræjum á dreif um sandinn, tvíhöfða kálfi, tjóðraðri kind með iðrin úti að éta þau, ref með rakaðan búk og fugl bundinn ofan á höfuðið. (245)

Kjartan Aðalsteinsson er með læknispróf frá Princeton og fann upp leið til að virkja manneskjur og þróaði hugmyndir um „lífsmagn“ sem „eins konar raforku sem byggir í öllum lífverum og mætti hagnýta til að stýra vexti þeirra og ráða meðal annars niðurlögum krabbameina.“ Hann virðist hafa gerst brotið „gott vísindasiðferði“ með rannsóknum sínum og meðal annars „misnotað[...] aðgang sinn að gagnasöfnum Landspítalans og lækna skýrslum tugþúsunda Íslendinga“. (111) Kjartani er ljóslega ætlað að minna á Kára Stefánsson, framkvæmdastjóra Íslenskrar erfðagreiningar sem stofnuð var árið 1996.<sup>96</sup> Þá var Kári prófessor í tauga- og taugameinafræði við Harvard Insti-

<sup>94</sup> Úlfhildur Dagsdóttir, „Úlfa-krásir“, *Skírnir* 2/2006, bls. 357–378, hér bls. 369.

<sup>95</sup> Það gerir hann í skjóli eyjunnar; einangrunin leynir illvirkjum hans. Sögumaðurinn Edward Prendick sem verður skipreika þar og kemst að tilraunum dr. Moreaus aðlagast jafnframt lífinu á eyjunni eftir því sem á dvölina líður. Einangrun eyþjóðarinnar birtist einnig í skáldsögu Steinars Braga, kannski ekki síst til að draga fram hvernig hún getur verið skjól spillingar.

<sup>96</sup> Kári Stefánsson hefur viðrað aðra hugmynd sem tengist samsetningu þjóðarinnar og

tute of Medicine og yfirlæknir á taugameinafræðideild Beth Israel-sjúkrahússins. Fyrirtækið kom á fót miðlægum gagnagrunni sem geymdi víðtækar heilsufarsupplýsingar um íslensku þjóðina og var fremur umdeildur vegna upplýsingasöfnunarinnar út frá persónuverndarsjónarmiðum. Móðurfélagið DeCode Genetics var lýst gjaldþrota í kjölfar efnahagshrunsins.

Kjartan hafði verið í nánum tengslum við stjórnámamann og aðrar valdaættir á borð við Thors-ættina áratugum saman og því komist upp með siðlausar rannsóknir jafnlengi og raun ber vitni.<sup>97</sup> Rétt er að nefna að Björgólfur Thor Björgólfsson var fyrsti Íslendingurinn til að komast á lista Forbes yfir 500 ríkustu einstaklinga heims árið 2008. Hann var aðaleigandi Landsbankans sem stóð fyrir Icesave-reikningunum og minnir á Hrafn í *Hálendinu* að því leyti að hann er fæddur inn í rótgróna valdafjölskyldu. Faðir Björgólfs var fyrirferðarmikill í íslensku viðskiptalífi og móðir hans af Thors-ættinni. Þannig er íslenskri valdastétt grautað saman í eina súpu í sögu Steinars Braga og með því móti fá innvensl í sögunni víðari skírskotun. Kjartan gerði venslin þó fullljós því hann var talinn hafa brotið gegn „borgaralegri vel-sæmiskennnd“ (112) með því að barna systur sína, en segja má að hann hafi lokað ættarlóðina þar með inni í húsinu á hálendinu. Guðni Elísson talar um hugtökin innvensl og útvensl í grein um kvikmyndaaðlaganir skáldsögunnar *Dracula* eftir Bram Stoker. Þar segir hann að hugtökin séu notuð „til að skilgreina makaval innan og utan ættflokks.“ Þannig séu reglur sem ákvarði

hvaða makar séu „innan“ fjölskyldunnar og því forboðnir og hverjir séu „utan“ og því tiltækir eða lausir. Flest þjóðfélög setja einnig reglur um hversu langt út fyrir hópinn sé leyfilegt að fara til að finna maka.<sup>98</sup>

---

tengist náið umfjöllunarefn greinarinnar. Hann nefndi í umræðuþættinum *Silfrinu* möguleikann á því að Íslendingar væru „einfaldlega vitlaus þjóð“ vegna einangrunar landsins og erfða. Kári segir: „Þetta er ekkert til að hlæja að. Þetta er raunverulegt. Þú ert annars vegar með erfðaþáttinn og hins vegar umhverfisþáttinn í getu okkar endanlega.“ Egill Helgason, *Silfríð*, 8. desember 2019, Reykjavík: RÚV.

<sup>97</sup> Einnig er hægt að tengja hugmyndina um innvenslin í sögunni þeirri staðreynd að vegna smæðar landsins hafi spilling og frændhygli löngum loðað við íslenskt atvinnulífi, þar sem þröngir hópar vina, ættingja og flokksbræðra hafa traustar tengingar innan viðskiptalífsins og stjórnmalanna, ekki síst ef horft er til einkavæddu bankanna fyrir hrun.

<sup>98</sup> Guðni Elísson, „Samfarir, náfarir, hamfarir. Kynferði í Drakúlamyndum“, *Heimur kvikmyndanna*, ritstjóri Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 1999, bls. 737–756, hér bls. 752.

Bannhelgi í kynlífi er því rofin með öfgakenndum innvenslum í *Hálendinu* þar sem meðlimir innan sömu fjölskyldunnar geta af sér afkvæmi, en samspilið er flækt með útvenslahryllingnum sem birtist í tófunum, sem hafa greinilega blandast blóði út fyrir tegundina.

Í húsi þeirra feðgina, Kjartans og Ásu, er þannig ljóstrað upp afleiðingum einangrunar og erfðasamsetningar þjóðarinnar. Þar reika ekki um hefðbundnir draugar, heldur er það reimt af fortíðinni. Afturgöngurnar í sögunni eru fólgnar í sjálfri genasamsetningu sögupersóna sem er gölluð, stökkbreytt og forboðin vegna öfgakenndra innvensla. Þá má hafa í huga að í reimleikahúsum er ekki síst fólgin hugmyndin um hvað það merkir að hlotnast arfur eða að taka við búi (í þessu sambandi má hugsa um þjóðarbúið) eldri íbúa. Í sömu mund verða þau óhjákvæmilega vitnisburður um fyrri eigendur og tíma, efni og aðstæður og kunna því að segja sögu kynslóða.<sup>99</sup> Jafnvel hefur verið rætt um að byggingar sé aðeins unnt að skilja að fullu í gegnum aðlögun sögulegra breytinga vegna þess að inn í þær séu smíðaðar ákvarðanir sem voru teknar fyrir löngu – þeim geti nýir eigendur í engu breytt.<sup>100</sup>

Það er þekkt minni hrollvekjunnar að hús séu reist á gamalli forneskju, til dæmis stendur Overlook-hótelid í *The Shining* Kubricks á gömlum indíána-grafreit. Húsið í *Hálendinu* er byggt á „svörtum sandi“ (14)<sup>101</sup> (úr fyrndinni) sem er heldur óráðlegt svo vísað sé til gamallar dæmisögu, eins og sýndi sig til dæmis í *The Elementals* McDowells þegar sandurinn gleypiti bókstaflega reimleikahúsið í Alabama-eyðimörkinni í sögulok. Einangrun eyþjóðarinnar á sér hliðstæðu í afskekktu húsinu sem er umkringt af söndunum á hálendinu. Þá má hugsa sér að í því sé einnig fólgin saga um efnahag þjóðarinnar.<sup>102</sup>

<sup>99</sup> Barry Curtis, *Dark Places*, bls. 180.

<sup>100</sup> Stuart Brand, *How Buildings Learn. What Happens After They're Built*, Penguin Books, 1994, New York, bls. 7.

<sup>101</sup> skál. mín.

<sup>102</sup> Sandur hefur líka verið notaður sem líking yfir ótraustan efnahag. Barack Obama notaði þá líkingu þegar hann talaði um að bandarískan efnahag þyrfti að endurreisa á traustum grunni fremur en að nota sömu hrúguna af *sandi*, undirstöður húss þyrftu að vera úr bjargi svo að unnt væri að leggja nýjan grunn vaxtar og hagsældar sem færði þjóðina úr viðjum lána og eyðslu yfir í sparnað og fjárfestingar. Ræðuna endaði hann á þennan veg: „Þetta er grunnur sem er byggður á fimm stólpum þaðan sem efnahagur okkar mun spretta og gera nýja öld að annarri bandarískri öld“. Barack Obama, „New Foundation Speech“, (GU4-14-09), 2009, sjá til dæmis <http://www.gnovisjournal.org/2009/12/22/shaping-economic-reality-critical-metaphor-analysis-president-barack-obama-s-economic-language/>, sótt 14. nóvember 2021. Í ræðu Obama hljómaði þetta þannig: „We cannot *rebuild* this economy on the *same pile of sand*. We must *build our house upon a rock*. We must *lay a new foundation* for growth

Vísanir í raunverulega einstaklinga sem fyrr hafa leikið sér að því að byggja á svo fallvöltum grunni kunna að ýta undir slíkan lestur. Föðurnafn karlsins sem býr í húsinu ásamt sandinum sem smokrast um nánast hverja blaðsíðu sögunnar gæti hafa vakið hugrenningatengsl hjá einhverjum þeim lesendum sem þekkja til Aðalsteins Jónssonar, útgerðarmanns frá Eskifirði. Um Aðalstein, sem oftast var kallaður Alli ríki, segir í umfjöllun *Frjálsrar verslunar* árið 1996:

Alli ríki ólst upp í litlu húsi við jaðar Eskifjarðar sem kallaðist Sandur. Hann elskaði að leika sér í sandinum. En lífið var ekki bara vinna heldur leikur líka. Og hvað lék Alli sér við? Jú hann undi sér löngum stundum í fjörinni. „Mér fannst ákaflega gaman að byggja úr sandinum. Ég byggði hús og báta, vegi og mannvirki. Svo fór þetta allt á næsta flóði og ég gat byrjað aftur upp á nýtt.“<sup>103</sup>

Í sögu Steinars Braga vísar sandurinn til tímans eða öllu heldur kynslóðanna sem hafa runnið hver af annarri, byggt upp og rústað. Innvensl kynslóð fram af kynslóð eiga hljómgrunn í því að reisa hús á sandi. Hvort um sig felur í sér að byggt er á veikum grunni. Erfðafræðitilraunir Kjartans enduróma svo í hlutabréfunum, þar sem Egill efnaðist á því að selja grandalausum landsmönnum í DeCode, eða Íslenskri erfðagreiningu.

---

and prosperity, *a foundation* that will move us from an era of borrow and spend to one where we save and invest, where we consume less at home and send more exports abroad. It's a *foundation built upon five pillars* that will grow our economy and make this new century another American century [...]“ [skál. mín]. Myndmálið sem Obama notar er sótt í Biblíuna, þar sem talað er um að byggja hús á sandi. Sjá Matt 7.24-27: „Hver sem heyrir þessi orð mín og breytir eftir þeim, sá er líkur hyggnum manni er byggði hús sitt á bjargi. Nú skall á steypiregn, vatnið flæddi, stormar blésu og buldu á því húsi en það féll eigi því það var grundvallað á bjargi. En hver sem heyrir þessi orð mín og breytir ekki eftir þeim, sá er líkur heimskum manni er byggði hús sitt á sandi. Steypiregn skall á, vatnið flæddi, stormar blésu og buldu á því húsi. Það féll og fall þess var mikið.““ Í tengslum við áhersluna á sögnina *að falla* má hugsa sér líkinguna um íslenska efnahagskerfið, banki sem reistur er á sandi hlýtur að *falla*.

<sup>103</sup> Páll Ásgeir Ásgeirsson, „Úr örbirgð til álna“, *Frjáls verslun* 57: 11/1996, bls. 20–28, hér bls. 23. Þegar Aðalsteinn talar um fátæktina sem hann ólst upp við í húsinu Sandi við Eskifjörð rifjar hann upp atriði úr *Íslandsklukkunni* sem getið var hér að ofan, þegar Arnas Arnæus kemur að Rein ásamt Snæfríði. Til marks um hryllileg hífýli fortíðarinnar segir hann: „Eina lýsing skáldsins á húsakynnum eru hin fleygu orð Snæfríðar: „Vinur, hví dregur þú mig inn í þetta skelfilega hús.“ Þetta finnst honum orð að sönnu og engin ástæða að fara ítarlegar út í það.“ Sama heimild, bls. 20.



En Egill gerði meira en að selja þeim sem vildu kaupa, hann átti hugmyndina að aggressífastu söluherferð bankans fyrr og síðar, skipulagði úthringingar í viðskiptavini og stækkaði svo netið til að ná líka háskólanemum, öryrkjum, ellilífeyrisþegum, öllum sem áttu peninga og raunar hinum líka – sem áttu ekkert en gátu tekið lán fyrir bréfunum. (75)

Bréfin áttu stóran þátt í efnahagshruninu í heimi sögunnar, en innvenslin ef til vill í siðferðishruni.

Í ritgerðinni *Formgerðir goðsagnanna* greinir Lévi-Strauss Ödipusargoðsagnir út frá safni vensla sem myndar formgerð. Þannig telur hann að megi greina hugsun sögunnar, sem er ekki það sama og merking eða boðskapur. Með því að rýna í þemu sem koma fyrir hvað eftir annað í ýmsum útgáfum goðsagnarinnar megi finna mótsagnir í heimsmyndinni. Endurteknar merkingarsamstæður Ödipusargoðsagnarinnar gefa til kynna að hún fjalli um leit mannsins til að samþætta trú á „jarðeðli sitt“, viðurkenningunni á því að hver og einn sé getinn af karli og konu. Þannig er mótsögnin „fæðist maður af einum eða af tveimur?“ sprottin af fornklassískri hugmynd Grikkja um að maðurinn sé getinn af moldinni andspænis líffræðilegri þekkingu manna á æxlun spendýra. Goðsagan kann að orka eins og nokkurs konar brú á milli fremur ósamþættnlegra hugmynda.<sup>104</sup> Þessar mótsagnir birtast í *Hálendinu* með mörgum hætti. Sifjaspellin birtast til dæmis víðar en hjá gamla fólkinu í húsinu, til dæmis liggja mamma Önnu og afi hennar saman.

Þegar hún var lítil og bjó á Ísafirði, í kjallaranum hjá ömmu sinni og afa, vaknaði hún eina nóttina við hljóð úr íbúðinni. Hún fór fram, kíkti inn í dimma stofuna og kveikti ljósið. Mamma hennar og afi voru á gólfinu, hún lá ofan á honum en þegar ljósin kviknuðu spratt hún á fætur. (171)

Anna gæti þar með hafa verið getin af einu og sama genamenginu. Innvenslin eru dregin fram með vísun í goðsögnina um Ödipus, en Anna „sneri sig á ökklanum“ (70) á flóttu frá Kjartani og gengur hölt í kjölfarið. Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson ræða heltina í samhengi við sekt Ödipusar í túlkun sinni á *Drápu* eftir Gerði Kristnýju. Þau segja:

<sup>104</sup> Claude Lévi-Strauss, „Formgerð goðsagna“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstjórar Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 65.

Í goðsögunni um Ödipus felst refsing hans í því að gangast við glæp sínum, að sjá sannleikann um sjálfan sig. Sekt hans birtist í nafni hans bægifótur og verður sýnileg í helti. Þannig er glæpur Ödipusar hluti af sjálfsmynd hans, sýnileg í nafni hans og leiðir til útleðar.<sup>105</sup>

Í *Hálendinu* eru hugmyndirnar um blóðskömm og að vera getin af einum samþættar þegar Önnu er ljáð þetta þekktasta einkenni Ödipusar. Í heltinni tákngerist uppruninn sem hún þekkir ekki, líkt og í nafni Ödipusar:

Nafn hans merkir bægifótur eða sá sem haltrar, en í sjálfu nafni hans býr ofbeldisverkið, eins og hann sé hlutur en ekki manneskja sem fær alvöru nafn. Hann veit ekki hver hann er sem verður síðan ástæða þess að hann sjálfur beitir ofbeldi og myrðir föður sinn.<sup>106</sup>

Líta má svo á að ástand Önnu sé táknrænt fyrir hluta þjóðarinnar og það birtist í væginu sem sandurinn hefur í sögunni. Anna skrönglast á deigfætlinum yfir sandana og þá skiptir máli að Vigdís segir að „*Þriðjungur Íslands* [sé] skilgreindur sem eyðimörk“ (32). Sandarnir í eyðimörkinni eru líka „flestir komnir *innan úr jörðinni í eldgosum*“. (32)<sup>107</sup> Samkvæmt kerlingunni Ásu eru tófunnar jarðverur og tengjast þannig söndunum, hún segir að þær „komi [...] úr jörðinni eins og við öll. Svo renna þær bara hver út úr annarri“ (150). Tófunnar á hálendinu taka á sig mannsmynd í augum unga fólksins sem gerir mörk manna og skepna óljós. Það styðja líka fjölskyldusögur Kjartans og Önnu, þar sem afkvæmin renna hvert út úr öðru, kannski hér um bil þriðjungur Íslendinga? Að viti Lévi-Strauss gegnir endurtekningin í goðsögunum sjálfstæðu hlutverki:

sem felst í því að varpa ljósi á djúpperð goðsagnarinnar. [...] Allar goðsagnir hafa því lagskipta djúpperð sem kemur upp á yfirborðið, ef svo má segja, með og í endurtekningunni. [...] Goðsögnin þróast eins og í spirál þangað til hugarþörfin sem kom henni af stað er þrotin. Vöxtur goðsagnarinnar er því samfella, andstætt formgerð hennar sem er ósamfella.<sup>108</sup>

<sup>105</sup> Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, *Ritið* 3/2018, bls. 17–43, hér bls. 41.

<sup>106</sup> Sama heimild, bls. 39.

<sup>107</sup> Skál. mín.

<sup>108</sup> Claude Lévi-Strauss, „Formgerð goðsagna“, bls. 79–80.

Í þessu tilliti má hugsa sér að djúpperð *Hálendisins* sé fólgin í ofmati blóðbanda á móti vanmati blóðbanda eins og í Ödipusarsögnum. Til þess að losna undan jarðeðlinu þarf að drepa skrímslin sem eru komin af jörðinni – hér má minna á að tófnar sem renna hvor undan annarri hafa mannlega eiginleika. Og mannfólkið í *Hálendinu* líkist skuggabaldri og skoffíni; að minnsta kosti renna aðalpersónurnar ofan í jörðina hver á fætur annarri undir sögulok.<sup>109</sup> Og þegar haft er í huga að ráðlegt er að drepa þjóðsagna-skepnurnar áður en þær hverfa undir yfirborðið má ætla að það sama eigi við um þær mennsku. Með öðrum orðum; til að kveða niður reimleika fortíðarinnar þarf helst að brenna draugahúsið til grunna.

Í reimleikahúsum hafa ákvarðanir fyrri kynslóða afleiðingar fyrir íbúa þeirra áratugum og jafnvel öldum síðar. Það kann einnig að vera að atburðir í lífi einstaklinga af eldri kynslóðum hafi áhrif á líkama afkomenda þeirra. Rannsóknir í samtímaerfðafræði á utangenaerfðum (e. *epigenetics*) benda að minnsta kosti til þess að menn séu líffræðilega markaðri af fortíðinni en lengst af hefur verið talið. Svo virðist sem minningar um áföll geti erfst á milli kynslóða. Rannsóknir gefa til kynna að í tiltekinni gerð þráðorma megi greina áfall í líkama allt að fjórtán ætliði eftir að það átti sér stað. Svo virðist sem að við tráma verði breyting í metýlum í DNA bæði í sáð- og eggfrumum ormana. Áfallið flyst í þeim skilningi niður ættbogann.<sup>110</sup> En það eru einnig vísbendingar um að áföll setji mark sitt á svipaðan hátt á erfðaefni manna. Nýjar rannsóknir benda til þess að áföll sem börn verða fyrir af völdum misnotkunar kunni að skilja eftir sig varanleg ummerki með þeim hætti að breyting verður á metýlum á DNA, sem er utangenamerki. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar höfðu áföll skilið eftir sig spor í DNA sáðfruma fullorðinna karla sem höfðu orðið fyrir tilfinningalegu, kynferðislegu eða öðru líkamlegu ofbeldi sem börn.<sup>111</sup> Þannig má segja að mannlíkaminn safni í sig hryllilegum atburðum fortíðarinnar og endurvarpi tilfinningunni um þá til komandi kynslóða; hann er því rammgerðasta reimleikahúsið í sögunni. Kroppurinn ber í þessum skilningi áfram drauga

<sup>109</sup> Í síðasta kafla bókarinnar „rankar“ Vigdís við sér á sjúkrastofnun og svo virðist sem ferðafélagar hennar séu ófundnir eða látnir. Þó er ekki útséð með að henni hafi verið bjargað, eins og kofi við æskuheimili hennar sem hún horfir á út um glugga stofunnar gefur til kynna.

<sup>110</sup> Adam Klosin, o.fl., „Transgenerational transmission of environmental information in *C. elegans*“, *Science* 6335: 356/2017, bls. 320–323.

<sup>111</sup> Andrea L. Roberts o.fl., „Exposure to childhood abuse is associated with human sperm DNA methylation“, *Translational Psychiatry* 194: 8/2018, sótt 28. nóvember 2021 af <https://www.nature.com/articles/s41398-018-0252-1>.

fortíðarinnar í gegnum grunnbyggingareiningarnar, DNA-sameindirnar. Í þeim er jafnframt fólgin óhjákvæmileg endurtekning því verstu geðshræringunum er varpað áfram, niður eftir ættboganum. Það sem gerir kroppinn óhugnanlegri stað til að dvelja í en hryllingshús er það að frávarp illskunnar á sér stað innan frá; úr frumum líkamans.

Eins konar hugmynd um endurtekninguna á milli kynslóða birtist í fjölskyldusögu Hrafns. Hann fetar í fótspor föður síns, sem sveifst einskis í viðskiptum, og tekur við útgerðinni af honum þó að hann hafi takmarkaða skólun og stjórnar þar öllu 26 ára gamall. Hann drekkur líka illa, sem „með hliðsjón af körlunum í fjölskyldunni kom [...] svo sem ekki á óvart“ (120). Áherslan á arfleifð karlanna í fjölskyldu Hrafns bendir til þess að endurtekningin geti verið fólgin í fleiru en viðskiptum og ofdrykkju, að minnsta kosti virðist óhófleg áfengisneysla Hrafns tengjast því að pabbi hans nauðgar honum þegar hann er lítill drengur.

Pabbi hans kom inn um dyrnar, var reiður og byrjaði að skamma hann. Þeir fóru inn á bað þar sem pabbi hans skolaði burt blóðið sem lak niður fótleggina. Á eftir töluðu þeir saman um hvað hefði gerst, pabbi hans klæddi hann í náttföt og hann lagðist aftur upp í rúm. (247)

Blóðið sem lekur niður fótlegginn og faðirinn sem í kjölfar samtals þeirra „sat á gólfinu við rúmstokkinn og grét“ (247) gefur greinilega til kynna að nauðgun hafi átt sér stað. Harmur Hrafns er þannig bundinn ættartrénu, rétt eins og áföll Torrance-feðganna í *The Shining* þar sem ættliðirnir þrír, Mark, Jack og Danny (sá síðastnefndi í *Doctor Sleep*) misnota áfengi sem virðist afleiðing (eða orsök) misnotkunar. Hugmyndin um fjölskyldustofninn er svo ítrekuð þegar minningar um misnotkunina eru tengdar tré sem stendur úti í garði við æskuheimili Hrafns. „Greinarnar voru svartar og gljáandi“ (146). Lýsingin á trénu kallast á við útlit svarthærðs föðurins sem svo er lýst skömmu fyrir:

Augun voru tvær rifur á allt of stóru höfði sem hnitaði hringi yfir herðunum, hárið svart og krullað eins og reykur og teygði sig hátt upp í loft, búkurinn skorpinn og húðin alls staðar farin að síga svo að glitti í kjötið undir. (146)

Hár föðurins minnir á greinar trésins og þá er freistandi að lesa saman bol hans og trjástofninn. Hreyfing trjágreinanna sem „slógust til og frá í vind-

*inum*, sífellt hraðar þar til allt varð dimmt og strokaðist burt“ (247) dregur enn fremur fram líkindin með trúnu fyrir utan gluggann og verknadinum sem pabbi Hrafns framdi fyrir innan. Auk þess eru hliðstæður dregnar upp á milli feðganna með nafni Hrafns og svörtu hári föðursins. Þannig má hugsa sér að sögulok Hrafns séu þau að hann sé endanlega fastur í reimleikahúsinu – undirstöður *Hálendisins* sem hann smýgur niður um sameina hann ættarstofninum. Þannig er kannski séð til þess að sagan endurtaki sig, því upp úr slíkum jarðvegi sprettur meira af því sama, að minnsta kosti í heimi sögunnar.

### *Reimleikahúsið uppi í rúmi*

Vinirnir fjórir renna allir saman við hálendið í einhverjum skilningi undir lok sögu. Egill er fyrstur til að tynast í neðanjarðargöngum við virkjunina, þaðan kemur Anna nær dauða en lífi – hún á varla langt eftir þegar lesendur skilja við hana. Hún er nánast eins og náttúran, mállaus og limlest og þar með ófær um að verja sig þegar Hrafn misnotar hana. Samruninn við hálendið er líka einstaklingsbundinn því fjórmeningarnir upplifa endalokin í tenglum við fyrri reynslu, að minnsta kosti ef marka má síðustu andartök Hrafns og Vigdísar sem virðast hverfa inn í huga sér í frárennslisgöngunum. Hrafn finnst sem hann sé staddur í herbergi langt ofan í jörðinni því að spýturnar voru orðnar „morknar af rakanum þarna niðri“ (246) þegar hann upplifir aftur verstu minningu sína um kynferðisofbeldið sem faðir hans beitti hann. Þannig magnar óttinn sem hann finnur til á hálendinu upp fortíðina. Lesendur fylgja Vigdís söguna á enda, en vegferð hennar lýkur á stað sem getið var nærri upphafi frásagnarinnar, eða í minningu um „líti[nn] skúr með rauðmáluðu bárujárnsþaki og ferköntuðum glugga“ (253) í garðinum heima á æskuheimili hennar.<sup>112</sup> Í kvikmyndinni *The Descent* eru endalokin á svipaðan veg því aðalpersóna myndarinnar telur sig hafa sloppið út úr hellinum í sögulok, en það reynist blekkingarleikur minninganna.<sup>113</sup> Á

<sup>112</sup> Saga Vigdísar minnir á upphaf og endi *Solaris* (leikstjóri Andrei Tarkovsky, 1972) sem fjallar einnig um vitundarlífið, þar sem heilastarfsemin er eina viðmið veruleikans. Saga Kelvins í kvikmynd Tarkovskys hefst í garði við kofa föður hans og lýkur á sama stað, nema í sögulok er kofinn hluti af hugarstarfi hans, sem hefur færst yfir á plánetuna Solaris.

<sup>113</sup> Einnig má minna á kvikmyndina *Silent Hill* (leikstjóri Christophe Gans, 2006) þar sem aðalpersónan Rose fer að leita svara við martröðum ættleiddrar dóttur sinnar í bænum Silent Hill. Á leiðinni lendir hún í árekstri og ráfar í kjölfarið um martraðarkennda þokuvídd sem er undirlögð skrímslum og afmynduðum verum. Í lok myndar telur Rose sig hafa sigrast á skrímslunum og komist undan martraðavíddinni en það

sama hátt eru minningar Hrafnar og Vigdísar einu forsendur vitundar þeirra. Eftir stendur spurningin um það hver hinn eiginlegi raunveruleiki sé – annar en sá sem er fölginn í taugaboðum sem þjóta um í myrkri og blóði. Eða eins og Hrafn hugsar: „Þau voru ekki lengur gjaldgeng í heimi efnisins“ (238). En með þessum orðum lætur Hrafn einnig uppi raunverulegt hlutskipti fjórmenninganna. Þau tilheyra ekki raunveruleikanum. Hrafn, Vigdís, Egill og Anna eru sögupersónur í skáldsögu Steinars Braga og „lifna ekki við“ nema fyrir tilstilli lesenda.<sup>114</sup>

Stephen King talar um að hrollvekjan höfði til fólks fyrst og fremst út af þróunarsálfræðilegum eiginleikum lesenda og áhorfenda og orki ekki síst á fumstæðustu hluta þeirra.<sup>115</sup> Það má hugsa sér að einhverjar möndlur hafi tekið að lýsast upp af viðbjóði (hér er vitaskuld notast við líkingamál), til dæmis við lestur á lýsingunni á sundurskornum líkama Önnu sem greint var frá hér að ofan. Í þessu tilliti má líta til kenningar taugalæknisins Antonios R. Damasio um að lesendur taki sér bólfestu í skálduðum skepnum. Geðs-hræringar sem spretta upp vegna fagurfræðilegrar reynslu, til dæmis við það að lesa skáldsögur, tengjast því sem Damasio kallar „hvað ef líkamslykkjuna“ (e. *as-if body loop*). Þá telur hann að heilinn plati líkamann til að finna fyrir reynslu annarra tímabundið á eigin skinni.<sup>116</sup> Þessi víxlverkun ásamt hugar-kenningunni gerir okkur kleift að finna til þess sem aðrir finna í gegnum skáldskap.

Vigdís finnur til þess að landslagið verði hluti af líkamsstarfinu þegar hún nemur vindinn í beinum og finnst sem litli heili eða „grá[i] klump[urinn]“ líði um jarðveginn (195). Hér skiptir máli að litli heili hefur með úrvinnslu hugsana og stjórnun tilfinninga að gera. Þannig má hugsa sér að lesendur sem grúfa sig yfir skáldsöguna séu í sporum sögupersónunnar. Það er að segja, að hálandið/*Hálendið* verði hluti af líkama þeirra örskotsstund, rétt eins og af kroppi Vigdísar sem er undirlagður af auðninni og söndunum.

---

er aðeins blekking og hún virðist ekki eiga nokkurn tíma afturkvæmt í raunveruleikann.

<sup>114</sup> Þessi hugmynd er einnig viðfangsefni í kvikmyndinni *Rökkur*, eftir Erling Óttar Thoroddsen, þar verður sögupersóna til í hugskoti annarrar, fyrir tilstilli snjalltækja, ljósmynda og myndbandsupptakna. Sjá Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vöndum stað“. Reimleikahús í *Rökkri* eftir Erling Óttar Thoroddsen“, *Ritið* 1/2019, bls. 101–136.

<sup>115</sup> Stephen King, *Danse Macabre* [mobi], bls. 18.

<sup>116</sup> Antonio R. Damasio, *Self Comes to Mind. Constructing the Conscious Brain*, Pantheon, New York, 2010, bls. 102.

Í líkingaskilningi má sjá fyrir sér að klístraður massinn, litli heili lesenda, nuddi sér upp við sandinn sem birtist á síðum bókar Steinars Braga svo að kornin loði við hann eins og slímbolta sem hefur safnað upp heimilisryki eftir svolitla dvöl undir sófa eða á bak við hurð. Afskræming Önnu er þá líka eins og sett á svið innra með þeim sem les, ef móttakararnir og athyglisgáfan eru með virkara móti.<sup>117</sup> Vitund lesenda sleppur ekki úr klóm kroppans, ekki frekar en Anna getur flúið sundurtættan líkama sinn, að minnsta kosti ekki á meðan menn draga andann og hjarta þeirra slær. Ef orð Steinars Braga eru höfð í huga má sjá samsvörun milli hálendisins og hrollvekjunnar:

Mér finnst íslensk náttúra hafa tvær hliðar. Annars vegar er það þessi ofboðslega fagra, tóma og þögla fjarvera hálendisins þar sem gott er að vera í næði og finna sjálfan sig fjarri menningunni. Hins vegar er myrkari hlið sem felur í sér djúpa verufræðilega angist sem býr í hverju einasta sandkorni uppi á hálendinu. *Þessi hlið er ekki endilega vond, það fer bara eftir manneskjunni sem er þarna og á hverju hún þarf að halda.*<sup>118</sup>

Tilvitnunin tengist því hvernig einstaklingsbundin angist fjórmenninganna magnast á hásléttum Íslands í skáldsögunni, þar sem náttúran fær einkenni listaverks. Því fjalla orð Steinars Braga ekki síður um það hvernig skáldskapurinn er sem hljómbotn fyrir hugarstarf lesenda, geðshræringar og minningar. Í *Hálendinu* virkjar Steinar Bragi mannlíkamann ekki ósvipað Kjartani Aðalsteinssyni. Til þess að skýra þetta nánar þarf að líta inn í innstu kima hryllingshússins á söndunum.

Versti staðurinn í kastala Kjartans er leyniherbergi sem liggur inn af bókasafni karlsins, á bak við leðurbundnar bækur sem eru farnar að bóligna og mygla. Leðrið sem þekur bókakilina gerir það að verkum að veggurinn minnir á húð; gamalt og rotnandi hold – handan skinnbandsins er leyndarmálið geymt. Til þess að komast inn þarf að draga út bók sem kallast *Hálendið*. Sú sem gengur inn í herbergið er blaðamaðurinn Anna, þá ekki aðeins í hlutverki kvenna í ótal hrollvekjum, heldur líka í hlutverki lesenda hrollvekjunnar sem segja má að gangi inn á vonda staðinn um leið og þeir opna bókina. Anna ræsir húsið með ótta sínum, rafstraum úr veggjunum leiðir um hana alla. Hún finnur það sem húsið finnur og óskapnaðurinn kemur í ljós:

<sup>117</sup> Antonio R. Damasio, *Self Comes to Mind*, bls. 103–104.

<sup>118</sup> Silja Bára Hauksdóttir, „Vildi glaður vera laus við hryllinginn“ [skál. mín.].

*maður með stórt, klunnalegt höfuð, gapandi munn og þírð augu; húðin  
sigin og að því er virðist of stór; eins og henni hefði verið fleygt yfir hann.  
Upp úr höfðinu stóðu svartir fálmarar í iðandi kös sem teygðu sig eftir  
henni – (115)*

Hún sýnir okkur jafnframt það sem býr innra með lesendum því að skrímslið lagar sig að þeim sem horfir, líkt og skepnan í *It*. Hún virkjar þannig ótta einstaklingsins og tekur á sig mynd sem „keyrir“ á huga hvers og eins. Skepnan minnir til dæmis á föður Hrafns í lok sögu hans. Við nánari skoðun kann fyrirbærið að minna einhverja lesendur á taugafrumu, sem dregur jafnframt fram hliðstæður á milli hússins og Önnu; skrímslis og fórnarlamb; blaðamanns og lesanda; útrásarliða og almennings. Með því móti varpar Steinar Bragi ljósi á að það er sama „fyrirbæri“ sem býr til óttann og upplifir hann. Það er þjóðin sem er skrímslið sjálft. Egill orðar það á þennan veg: „Allir sem ég þekki eru í tómu rugli. Það er eins og þetta þjóðfélag sé maskína sem bryður í sig fólk og spýti því aftur út úr sér límdu saman svona og hinsegin – með rassgat í munnum, augu í klofinu“ (47). Eða svo vísað sé til sögu Stephens King er þjóðfélagið í *Hálendinu* kannski „[þ]essi ómennski staður [sem] býr til mennsk skrímsli“<sup>119</sup> eins og Overlook-hótelið gerir í *The Shining*.

Lesendur eru óhjákvæmilega hluti af þjóðfélaginu sem fjallað er um í *Hálendinu*. Það má segja að þeir læsist inni í sögu Steinars Braga, eins og sögupersónur, og hristist um sandöldurnar sem taugakerfi þjóðarinnar hefur knúð inn í skáldsöguna vikurnar og mánuðina eftir efnahagshrunið. Í *Hálendinu* er allt virkjað, ekki síst geðshræringar landsmanna, að minnsta kosti ef marka má ritdóma um bókina. Þegar *Hálendið* kom út hélt hún vöku fyrir hverjum gagnrýnandanum á fætur öðrum og framkallaði erfiðar draumfarir nokkurra þegar þeir festu loksins svefn. Enda eiga reimleikahús í skáldskap, sem eru sæmilega smíðuð, það sameiginlegt að leiða lesendur í gildru ekki síður en persónur, þar sem hrollvekjan kallar öðrum bókmenntagreinum fremur fram hjá lesendum líffræðileg einkenni ótta og kvíða. Gagnrýnendur eru sammála um að hrollvekju Steinars Braga takist að kalla fram ónotaleg líkamleg viðbrögð. Bókmenntafræðingurinn Guðrún Elsa Bragadóttir gerir það að umfjöllunarefni í gagnrýni sem skrifuð var veturinn sem bókin kom út en hún segir: „Þetta er tveggja martraða bók (ég hrökk tvisvar upp við eigin hróp eftir að hafa lesið mig í svefn) sem gerði mig myrkfælna og nojaða

<sup>119</sup> Stephen King, *The Shining* [mobi], bls. 208.



í heila viku. Það er ansi gott bara.<sup>120</sup> Annar bókmenntafræðingur, Ingibjörg Ágústsdóttir, leggur áherslu á tilfinninguna sem lesturinn skildi eftir sig í kroppnum þegar hún segir í gagnrýni frá sama ári: „[a]ð loknum lestri seint um kvöld er ónotakenndin allsráðandi og svefninn lengi að síga á brá.“<sup>121</sup> Í umfjöllun Davíðs Kjartans Gestssonar frá árinu 2012 eru líkamleg ónot sem bókin vakti einnig dregin fram:

Steinar Bragi býr yfir meistaralegum tókum á skáldskapnum og hefur ítrekað sýnt fram á einstakt lag við að vekja með lesendum djúpan beyg og næstum líkamleg ónot með textann að vopni. Óhugnaðurinn sem hann magnar upp í *Hálendinu* er slíkur að undirrituðum varð um og ó [...].<sup>122</sup>

Með því að skrifa efnahagshrunið inn í hrollvekjugreinina reynir Steinar Bragi að endurskapa þær geðshræringar sem slíkt hrún getur hrint af stað, enda „hrunið hryllingur af mannavöldum“<sup>123</sup> – svo vísað sé til orða höfundarins sem fram komu hér í upphafi.

Skáldsaga Steinars Braga er ekki svo ólík skrímslum þjóðsagnanna sem hér hefur verið fjallað um. Hún er eins og skuggabaldur eða skoffinn að því leyti að hún kemur út *þremur árum* eftir hrún. Eða *þremur árum* eftir að útrásarliðar hurfu ofan í holur sínar í jörðinni. Það er jafnlangur tími og þjóðsagnakvikindin dvelja neðanjarðar á meðan þau magna upp kraftana sem fólk óttaðist – og sagði sögur af. Skáldsagan er því eins og skuggabaldur sem kann að granda með augnaráðinu einu, en í stað glyrnanna er það texti sem blasir við á opnu bókar sem kann að hræða líftóruna úr lesendum. Skrímslið bjó Steinar Bragi til úr miðtaugakerfi þjóðarinnar sem var á yfirsnúningi fyrstu vikur og mánuði eftir íslenska efnahagshrunið. Upp úr holunni sem það skildi eftir sig rann hrollvekjan *Hálendið* sem var prentuð tvisvar fyrir jólnin 2011.

<sup>120</sup> Guðrún Elsa Bragadóttir, „Íslenskur náttúruhryllingur. *Hálendið* eftir Steinar Braga“, *Druslubækur og doðrantar*, 6. nóvember 2011, sótt 18. september 2021 af <http://bokvit.blogspot.com/2011/11/islenskur-natturuhryllingur-halendi.html>.

<sup>121</sup> Ingibjörg Ágústsdóttir, „Grimmt, óhugnanlegt og áþreifanlegt“.

<sup>122</sup> Davíð Kjartan Gestsson, „Sumu tekur maður bara eftir í myrkrinu“, *Hugrás* janúar 2012, sótt 18. september 2021 af <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/halendid>.

<sup>123</sup> Silja Bára Hauksdóttir, „Vildi glaður vera laus við hryllinginn“.

## ÚTDRÁTTUR

Fjallað er um reimleikahúsið í skáldsögunni *Hálendinu* eftir Steinar Bragi. Í sögunni er virkni reimleikahússins ekki bundin eiginlegu húsi heldur er hún fólgin í landslaginu. Þannig fylgir Steinar Bragi hefð norrænna gotneskra sagna þar sem myrkar og óvægnar óbyggðirnar birta það sem innra með sögupersónum hrærist. Sagan gerist rétt eftir hrun og fjallar um það hvernig fjárhagsvandráði festa sögupersónur í reimleikahúsinu – nema að í sögunni er reimleikahúsið í raun hálendi Íslands. Í greininni er rætt um ótta og áföll sögupersóna og sýnt hvernig hvort tveggja endurspeglast í íslenskri auðn.

*Lykilorð:* Íslenskar bókmenntir, hrollvekjur, reimleikahús, efnahagshrunið, kvikmyndir

## ABSTRACT

### **Fear seeping from the ground. On the haunted spaces of landscape and bodies in *Hálendið* by Steinar Bragi**

In the novel *Hálendið* by Steinar Bragi the landscape functions as a haunted house, rather than a unique building. Steinar Bragi follows the Scandinavian gothic tradition, where a dark and harsh wilderness portrays the inner conflict of the characters. The novel is set shortly after the Icelandic market crash and shows how financial problems can embed the characters within the haunted house, but in this instance the haunted house is the Icelandic highlands. This article analyses the fears and trauma of the four protagonists and discusses how both are reflected in the Icelandic mountain wasteland.

*Key words:* Icelandic literature, horror, haunted house, economic crisis, film

SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

bókmenntafræðingur

smg1@hi.is